

Nefndasvið Alþingis  
Velferðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. september 2016

**Efni: Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um fjölskyldustefnu fyrir árin 2017-2021 með áherslu á börn og barnafjölskyldur, þingskjal 1502 - 813. mál.**

BSRB hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um fjölskyldustefnu fyrir árin 2017 – 2021 með áherslu á börn og barnafjölskyldur.

BSRB fagnar því að lögð sé fram opinber fjölskyldustefna með áherslu á börn og barnafjölskyldur. Eitt af helstu áherslumálum BSRB er að hér sé komið á fjölskylduvænu samfélagi sem byggi á jöfnum tækifærum og jafnri stöðu foreldra, sbr. stefnu sem samþykkt var á þingi BSRB í október s.l. til þriggja ára. Enn fremur segir í stefnunni að gera verði fólki kleift að samræma fjölskyldulíf og atvinnu. Samhliða vinnu við að eyða launamun kynjanna verði að jafna stöðu foreldra við uppeldi barna og auka möguleika þeirra til að verja tíma með fjölskyldunni.

Til að svo megi verða telur BSRB nauðsynlegt að lengja fæðingarorlofsrétt foreldra á vinnumarkaði samhliða því sem hámarksgreiðslur eru hækkaðar. Enn fremur að greiðslur frá Fæðingarorlofssjóði verði óskertar upp að 300.000 kr. en 80% eftir það. Þá þarf að tryggja börnum örugga dagvistun strax að loknu fæðingarorlofi foreldra. Sveigjanlegur og fyrirsjáanlegur vinnutími leikur að mati bandalagsins lykilhlutverki við að byggja upp fjölskylduvænt samfélag og hefur stytting vinnuvikunnar verið eitt helsta baráttumál BSRB um árabíl. Það er grundvallarkrafa BSRB og mikilvægur liður í því að búa til fjölskylduvænna samfélag.

BSRB telur nauðsynlegt að taka til skoðunar samspil atvinnulífs, skóla og heimilis með það að leiðarljósi að draga úr árekstrum og álagi á fjölskyldufólk. Fjölskyldufólk þarf að hafa meiri sveigjanleika í starfi til þess að samþætta atvinnu og fjölskyldulíf, t.d. með töku sérstakra frídaga til að koma til móts við vetrarfrí, starfsdaga og lokanir skóla. Samkvæmt stefnu BSRB er mikilvægt að atvinnurekendur axli ábyrgð og stjórnvöld, fulltrúar atvinnulífsins og skóla klári það samtal sem þarf að eiga sér stað til að koma í veg fyrir síendurtekna árekstra vegna vetrarfría, sumarlokana og starfsdaga í skólum. Loks segir í stefnunni að mikilvægt sé að tryggja launafólki rétt til fjarvista frá vinnu vegna alvarlegra langvarandi veikinda barna án skerðingar á launum.

Í stefnunni sem hér er til umsagnar er því komið inn á marga þætti sem bandalagið hefur lagt áherslu á og styður því samþykkt hennar. BSRB gerir eftirfarandi athugasemdir og tillögur til breytinga á stefnunni.

Varðandi lið E.1. um stuðning vegna umönnunar barna fyrstu æviár leggur bandalagið áherslu á að breytingar á fæðingarorlofskerfinu til samræmis við tillögur starfshóps um mótun tillagana um framtíðarskipan fæðingarorlofsmála verði gerðar tafarlaust. Miðað við núverandi fyrirkomulag um hámark greiðslna er ljóst að kerfið uppfyllir ekki markmið laga um að tryggja börnum samveru með foreldrum

sínum og jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Um 40% færri feður fullnýta nú rétt sinn til fæðingarorlofs eflir verulegar skerðingar á hámarksgreiðslum eflir hrúnið. Hlutfall tryggingargjalds hefur þar að auki verið lækkað til sjóðsins og hámarkið hefur ekki verið hækkað síðan í ársbyrjun 2014. Ljóst er að svigrúm er nú þegar hjá Fæðingarorlofssjóði til að hækka hámarksgreiðslur þrátt fyrir lækkað tryggingargjald. Ástæðan er lægri fæðingartíðni en sögulega hefur hún aldrei mælst lægri en árið 2015. Fyrir árið 2015 var fæðingartíðni 1,8 barn en til að samfélagið geti staðið undir sér þarf hún að vera 2,2.


Þá er mikilvægt að lengja fæðingarorlof þannig að stuðningur stjórnvalda við barnafjölskyldur sé í takt við það sem gerist á hinum Norðurlöndunum ásamt því að það er mikilvægur liður þess að brúa megi umönnunarbilið svonefnda. Fæðingarorlofið er styst hér á landi samanborið við hin Norðurlöndin. BSRB hafnar því alfarið að framkvæmd þessa verkefnis sem fjallað er um í lið E.1. skuli eiga sér stað árið 2017 og gerir kröfu um að hún eigi sér stað tafarlaust. Áhrif núverandi fyrirkomulags tryggja ekki að markmið laganna nái fram að ganga. Kerfið hefur ekki tekið breytingum frá því var komið á árið 2000 en á hinum Norðurlöndunum hafa kerfin þróast frekar í ljósi reynslunnar og stuðningur við foreldra ungra barna aukinn verulega.

Varðandi lið E.2. um réttindi veikra barna til að njóta umönnunar foreldra þá styður bandalagið eindregið að mótaðar verði tillögur til breytinga á núverandi fyrirkomulagi. Hið sama má segja um lið E.3. en BSRB hefur til margra ára barist fyrir styttingu vinnuvikunnar. BSRB telur þó að afmörkunin um að markmiðið taki eingöngu til vinnustunda foreldra ungra barna sé of þröngt. Þrátt fyrir að stefnan leggi áherslu á börn og barnafjölskyldur sýna rannsóknir að álag vegna samþættingar fjölskyldu- og atvinnulífs er bæði vegna barna og aldraðra ættingja. BSRB gerir því tillögu til að markmiðið verði útvíkkað til samræmis þar um.

Í lið E.4 er fjallað um samræmd leyfi í leikskólum og grunnskólum. BSRB telur rétt að unnar verði tillögur að því að auðvelda einstaklingum samspil atvinnulífs, skóla og heimilis með það að leiðarljósi að draga úr árekstrum og álagi á fjölskyldufólk. Taka þurfi til umræðu aukinn sveigjanleika í starfi, t.d. sérstakra frídaga til að koma til móts við vetrarfrí, starfsdaga og lokanir skóla. Enn fremur að tekið verði til endurskoðunar núverandi fyrirkomulag þessara lokana skóla og leikskóla og hvort skipan þeirra geti verið með öðrum hætti þannig að gætt sé að hagsmunum barna, foreldra, launafólks og atvinnurekenda.

BSRB telur því ekki nægilegt að eingöngu verði unnar tillögur sem miða að því að samræma vetrarfrí og starfsdaga milli skólastiga og innan sveitarfélaga.

Fyrir hönd BSRB



Sonja Yr Þorbergsdóttir  
lögfræðingur BSRB



**Barnaheill**

Save the Children á Íslandi

Reykjavík 05. september 2016

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um fjölskyldustefnu fyrir árin 2017-2021 með áherslu á börn og barnafjölskyldur. (Þingskjal 1502 – 813. mál)**

(Lagt fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015–2016.)

Barnaheill – Save the Children á Íslandi fagna framkominni tillögu til þingsályktunar um fjölskyldustefnu fyrir árin 2017-2021 með áherslu á börn og barnafjölskyldur.

Samtökin vilja lýsa yfir ánægju sinni með undirbúning og gerð stefnunnar sem er umfangsmikil og vel unnin, í breiðu samráði við hagsmunasamtök, ungmennaráð og sérfræðinga á málefnasviðinu. Það er ánægjulegt að sjá að sjónarmið ólíkra hópa og hagsmuna koma fram í framkvæmdaáætluninni og er því von til þess að með framfylgd stefnunnar verði vel stutt við börn og barnafjölskyldur á Íslandi, til hagsældar fyrir samfélagið allt.

Barnaheill skora á Alþingi að tryggja framgang þingsályktunartillögu þessarar og hvetja alla þá sem ábyrgir verða fyrir framkvæmd stefnunnar að tryggja að hún fái þann stuðning, fjárhagslegan sem og samfélagslegan, sem hún þarfnast til að skila því sem henni er ætlað. Afar mikilvægt er að tryggja fjármagn til uppbyggingar þeirrar þjónustu sem í boði á að vera og jafnframt er mikilvægt að börn hafi jafnan aðgang að þjónustu óháð búsetu. Sérstaklega má áréttta mikilvægi þess að börnum á landsbyggðinni verði ekki mismunað um þjónustu og aðgengi að henni.

Samtökin hafa frá upphafi unnið að því að Barnasáttmálinn verði innleiddur í íslenskt samfélag með heildstæðum hætti og virðist sem sú vinna hafi borið árangur, ef þessi stefna fær framgang og henni fylgt í hvívetna.

Það er mikilvægt að halda hinu breiða samráði áfram við framfylgd stefnunnar og að endurmat fari fram með reglubundnum hætti. Samtökin benda á eins og áður, að fjárfesting í lífi barna er fjárfesting og sparnaður til framtíðar. Ef hlúð er að umhverfi og uppeldisskilyrðum barna er líklegt að það skili sér í sterkum og hamingjusömum einstaklingum, með jákvæða sjálfsmynd og afstöðu til lífsins. Samfélag sem er skipað einstaklingum með heilbrigða og jákvæða sjálfsmynd er samfélag sem er líklegt til að skila þegnum sínum góðu búi og huga vel að velferð heildarinnar.

Virðingarfyllst,  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,  
framkvæmdastjóri

## Bréf

Alþingi, nefndasvið Austurstræti 8 - 10 150 REYKJAVÍK	Reykjavík, 7. september 2016 2016010053
---	--

### **Efni: Efni: Umsögn - tillaga til þingsályktunar um fjölskyldustefnu fyrir árin 2017 – 2021 með áherslu á börn og barnafjölskyldur - 813. mál.**

#### **Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um tillögu til þingsályktunar um fjölskyldustefnu fyrir árin 2017 – 2021 með áherslu á börn og barnafjölskyldur, 813. mál.**

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 24. ágúst 2016, þar sem Barnaverndarstofu er gefið tækifæri til þess að veita velferðarnefnd Alþingis umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjölskyldustefnu fyrir árin 2017 – 2021 með áherslu á börn og barnafjölskyldur, 813. mál. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um tillöguna.

Barnaverndarstofa telur jákvætt að Alþingi ætli að setja sérstaka stefnu um málefni fjölskyldunnar. Efni tillögunnar er mjög í anda eldri fjölskyldustefnu sem fyrst var lögð fram á Alþingi 1995 og var samþykkt á árinu 1997.

Barnaverndarstofa telur rétt að vekja sérstaklega athygli á tveimur atriðum varðandi tillöguna:

Annars vegar fagnar Barnaverndarstofa því ef það á að setja á fót sérstakt fagråd um fjölskyldurétt og vekur í því sambandi athygli á að í þeirri fjölskyldustefnu sem Alþingi samþykkti á árinu 1997 var gert ráð fyrir sambærilegu ráði, sem kallað var fjölskylduråd.

Hins vegar vekur Barnaverndarstofa athygli velferðarnefndar á því að í þeim tillögum sem varða barnavernd þá er víða fjallað um að koma á úrræðum eða veita þjónustu. Mörg þeirra lúta í raun að lögbundnum verkefnum sem ríki og sveitarfélög sinna í dag en reynslan hefur sýnt að fjármuni skorti til þess að hægt sé að efla þá þjónustu eða koma á fót nýjum úrræðum. Einnig er í sumum tilfellum um að ræða yfirgripsmiklar tillögur, s.s. samræmt skráningarkerfi í barnavernd.

Í upprunalegri tillögu um fjölskyldustefnu sem lögð var fram á Alþingi 1995 var gert ráð fyrir stofnun sérstaks fjölskyldusjóðs sem átti að standa straum af þeim kostnaði sem tillagan hefði í för með sér. Þegar tillagan var svo samþykkt tveimur árum síðar hafði verið fallið frá hugmyndum um þennan sjóð. Afleiðingar þess urðu þær að ýmsar góðar hugmyndir eldri fjölskyldustefnu komust aldrei til framkvæmda þar sem fjármunir voru ekki fyrir hendi.

Veldur það Barnaverndarstofu þannig nokkrum áhyggjum að tillagan gerir í fæstum tilvikum ráð fyrir því að sérstakir fjármunir verði veittir til þess að hrinda einstaka þáttum tillögunnar til framkvæmda. Er þannig fyrrséð að einstaka þættir tillögunnar muni ekki koma til framkvæmda ef fjármögnum þeirra er ekki tryggð með fullnægjandi hætti.

Hvað tillöguna varðar efnislega að öðru leyti þá er um að ræða yfirgripsmikla tillögu sem varðar fjölmarga þætti sem kalla á ítarlega skoðun en Barnaverndarstofa kom ekki að gerð áætlunarinnar og hafði ekki séð tillöguna fyrr en óskað var eftir umsögn þessari. Í ljósi þess telur Barnaverndarstofa ekki forsendur fyrir því að gera athugasemdir við einstaka þætti tillögunnar á þessu stigi málsins en er reiðubúin til þess að koma með athugasemdir við þá þætti hennar sem lúta að barnavernd og starfsemi barnaverndaryfirvalda óski velferðarnefnd eftir því.

Barnaverndarstofa veitir velferðarnefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar vegna málsins verði þess óskað.

Virðingarfyllst  
f.h. Barnaverndarstofu

---



---

Heiða Björg Pálmadóttir  
lögfræðingur Barnaverndarstofu



# BINDINDISSAMTÖKIN IOGT Á ÍSLANDI



Bindindissamtökin IOGT á Íslandi

Reykjavík 7. september 2016

Nefndasvið Alþingis Austurstræti 8-10 150 Reykjavík

Umsögn Bindindissamtakanna IOGT á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um fjölskyldustefnu fyrir árin 2017-2021 með áherslu á börn og barnafjölskyldur. (Þingskjal 1502 - 813. mál)(Lagt fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015-2016.)

Bindindissamtökin IOGT á Íslandi fagna framkominni tillögu til þingsályktunar um fjölskyldustefnu fyrir árin 2017-2021 með áherslu á börn og barnafjölskyldur og við vonum að ofangreind tillaga verði samþykkt.

Bindindissamtökin IOGT á Íslandi telur mikilvægt að marka skýrari stefnu í málefnum barna hér á landi. Jafnframt verður þó að tryggja að henni verði fylgt eftir með markvissum hætti í framkvæmd, meðal annars með nægilegu fjármagni.

Bindindissamtökin IOGT á Íslandi fagna því að fræðsla um áfengi og vímuefnamál komist í fastan farveg og að leitað verði til sérfræðinga á því sviði sem finnast bæði hjá hinu opinbera og frjálsum félagasamtökum.

Bindindissamtökin IOGT á Íslandi skora á Alþingi að tryggja framgang þingsályktunartillögu þessarar og hvetja alla þá sem ábyrgir verða fyrir framkvæmd stefnunnar að tryggja að hún fái þann stuðning, fjárhagslegan sem og samfélagslegan, sem hún þarfnast til að skila því sem henni er ætlað. Mjög mikilvægt er að tryggja fjármagn til uppbyggingar þeirrar þjónustu sem í boði á að vera og jafnframt er mikilvægt að börn hafi jafnan aðgang að þjónustu óháð búsetu. Sérstaklega má áréttta mikilvægi þess að börnum á landsbyggðinni verði ekki mismunað um þjónustu og aðgengi að henni.

Bindindissamtökin IOGT á Íslandi benda á að fjárfesting í lífi barna er fjárfesting og sparnaður til framtíðar. Ef hlúð er að umhverfi og uppeldisskilyrðum barna er líklegt að það skili sér í sterkum og hamingjusömum einstaklingum, með jákvæða sjálfsmynd og afstöðu til lífsins. Samfélag sem er skipað einstaklingum með heilbrigða og jákvæða sjálfsmynd er samfélag sem er líklegt til að skila þegnum sínum góðu búi og huga vel að velferð heildarinnar.

Virðingarfyllst, f.h. Bindindissamtakanna IOGT á Íslandi

Aðalsteinn Gunnarsson, framkvæmdastjóri



## Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis  
Velferðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Akureyri, 6.09.2016  
1608011 IE

**Efni:** Umsögn um þingsályktunartillögu um fjölskyldustefnu fyrir árin 2017-2021 með áherslu á börn og barnafjölskyldur, þskj. 1502, 813. mál.

Velferðarnefnd óskaði eftir því við Jafnréttisstofu að stofnunin gæfi umsögn um þált. um fjölskyldustefnu fyrir árin 2017-2021 með áherslu á börn og barnafjölskyldur. Jafnréttisstofa þakkar tækifæri til að koma athugasemdum á framfæri við nefndin.

### Almennar athugasemdir:

Jafnréttisstofa fagnar því að fram sé komin tillaga til þingsályktunar um fjölskyldustefnu og telur mikilvægt að hún verði samþykkt. Jafnréttisstofa sendi velferðarráðuneytinu ýmsar athugasemdir í október 2015, en þá var stefnan í opnu umsagnarferli hjá ráðuneytinu. Hér eru fyrst og fremst ítrekaðar nokkrar athugasemdir og ábendingar sem ekki er að sjá að tekið hafi verið mið af við lokaútgáfu þingsályktunartillögunnar.

Í greinargerðinni með þált. kemur fram að lögð sé „áhersla á jafnræði og að tryggt sé að öll börn njóti sama réttar og sé ekki mismunað á grundvelli kynþáttar, litarháttar, kynferiðs, kynhneigðar, kynvitundar, tungu, trúarbragða, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana...“ Með vísan til þessa vekur það athygli að kynhneigð, kynvitund og kynjajafnrétti er ekki nefnt í tillögunni.

Jafnréttisstofa vekur einnig athygli á og tekur undir umfjöllun um fjölskyldur og fjölskyldutengsl sem fram kemur í athugasemdum við kafla B.3. í greinargerðinni með þált. Fjallað er um félagsfræðilegan skilning á fjölskyldum og nauðsyn þess að breyta almannaskráningu þannig að hún nái að „fanga fjölbreytta samsetningu fjölskyldna betur en nú er“. Jafnréttisstofa telur að horfa þurfi til staðreyndarinnar um fjölbreytta samsetningu fjölskyldna í víðara samhengi en varðandi skráningu, þótt það sé vissulega stórt og brýnt skref. Öll þjónusta við fjölskyldur þarf að vera boðin með það í huga hversu fjölbreytilegar fjölskyldur eru í raun.

Svo virðist sem kynjabreytan hafi ekki komið til skoðunar við vinnu við stefnuna og drögin sem hér eru til umsagnar bera nokkur merki af svokallaðir kynblindu (e. gender blindness). Um kynblindu er að ræða þegar áhrif kyns eru ekki skoðuð. Einnig þegar



## Jafnréttisstofa

fólk leiðir hjá sér eða kemur ekki auga á kynjamisrétti sem er til staðar í samfélaginu. Þetta gerist til dæmis þegar upplýsingar eru ekki kyngreindar eða ekki er tekið tillit til ólíkra þarfa kynjanna við stefnumótun.

Staðalmyndir kynjanna, neikvæð áhrif þeirra og nauðsynleg afbygging, er hvergi nefnd. Í lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla segir í j. lið 1. mgr. að eitt af því sem gera skuli til að ná markmiðum um að allir einstaklingar skuli eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni sé að „breyta hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla“. Jafnframt er fræðsla um kynvitund og kynhneigð nauðsynleg. Vel færi á því að fjalla um slíka hluti í fræðslu til foreldra.

### Athugasemdir um einstaka kafla:

#### **C.1. Fræðsla um foreldrahlutverk.**

Markmiðið í þessum kafla er að efla foreldrafærni. Jafnréttisstofa bendir á að það sé brýnt að fræða foreldra/forsjáraðila um jafnrétti kynjanna og mannréttindi í víðu samhengi. Fræðsla um kynjajafnrétti fyrir foreldra skiptir ekki síst máli varðandi það að gera foreldra færari um að vinna gegn neikvæðum staðalímyndum sem eru heftandi fyrir börn og fólk, ekki síst í tengslum við náms- og starfsval.

#### **C.2. Fræðsla fyrir fólk sem starfar með börnum um áhættuþætti í lífi barna.**

Jafnréttisstofa bendir á að huga þarf að því að áhættuþættir geta verið mismunandi eftir kyni og t.d. kynhneigð og kynvitund. Einnig getur áhættuþættir verið mismunandi eftir kyni og t.d. kynhneigð og kynvitund. Tryggt þarf að vera að fræðsla til fólks sem starfar með börnum einkennist ekki af kynblindu.

#### **C.3.-C.5. Um ofbeldi, vanrækslu, einelti, áfengis- og vímuefnamál.**

Jafnréttisstofa bendir á nauðsyn þess að huga að því að áhættuþættir, reynsla, upplifun og afleiðingar fyrir kynin geta verið mismunandi. Halda þarf til haga og horfa til upplýsinga sem t.d. komu fram á málþingi á vegum *Rótarinnar-félags kvenna með fíknivanda*, fyrir nokkrum misserum, þar sem mikið var rætt um ólíka stöðu, ástæður og reynslu kvenna og karla í tengslum við misnotkun áfengis og annarra vímuefna.

#### **C.7. Fræðsla um kynheilbrigði og klám.**

Hér þarf fræðslan að taka mið af því að klámnotkun drengja er margföld á við klámnotkun stúlkna og áhrif kláms mismunandi eftir því hvort um drengi eða stúlkur er að ræða. Ekki er nóg að tala um unglunga sem hóp. Það þarf að tala um drengi og stúlkur og fræðsla þarf einnig að taka mið af kynhneigð og mismunandi kynvitund. Fræðslan fyrir aðra, foreldra/forsjáraðila og fleiri, þarf einnig að taka mið af ofangreindu.

#### **E. Umönnun og samræming fjölskyldu- og atvinnulífs.**

Almenn stytting vinnuvikunnar myndi koma að góðu gagni fyrir alla til að samræma ábyrgð gagnvart fjölskyldu og skyldur gagnvart atvinnu/atvinnurekanda. Ef vinnuvikan hérlendis yrði stytt þá myndi það ekki aðeins nýtast fólki með ung börn, heldur einnig fólki sem þarf að sinna umönnun annarra, t.d. aldraðra foreldra eða annarra nákominna. Með hækkandi aldri þjóðarinnar verða sífellt fleiri sem þurfa á





## Jafnréttisstofa

umönnun að halda og stefnan þyrfti að taka mið af þeirri staðreynd í ríkari mæli. Líklegt er að stytting vinnuvikunnar myndi einnig leiða þess að fólk yrði almennt ánægðara og lífsgæði allra myndu aukast. Sjá dæmi um slíkar vísbendingar hér: <http://www.frettatiminn.is/gridarleg-anaegja-med-stytttri-vinnuviku/>  
<http://www.dv.is/frettir/2015/9/19/stytttri-vinnudagur-jok-skilvirkni-og-anaegju-starfsfolks/>

### E.3. Samræming fjölskyldu og atvinnulífs.

Í þessum kafla er gefið undir fótinn með að stytta vinnuvikuna hjá foreldrum ungra barna. Ekki er skilgreint hvaða börn teljast ung börn. Jafnréttisstofa telur að í því myndi gæti falist misrétti að stytta vinnuviku hjá ákveðnum hópi og miklu eðlilegra og í samræmi við meginreglur um sanngirni og jafnræði að skoða það að stytta vinnuvikuna almennt. Sjá einnig athugasemdir undir lið E. hér fyrir ofan um þetta atriði.

Jafnréttisstofa svarar fúslega athugasemdum og/eða spurningum nefndarinnar, ef einhverjar eru.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Elíasdóttir

lögfræðingur



Reykjavík, 7. september 2016

Velferðarnefnd Alþingis  
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

**Efni: Umsögn Kennarasambands Íslands um tillögu til þingsályktunar um fjölskyldustefnu fyrir árin 2017-2021 með áherslu á börn og barnafjölskyldur, 813. mál.**

Eftirfarandi er umsögn Kennarasambands Íslands (KÍ) um tillögu til þingsályktunar um fjölskyldustefnu fyrir árin 2017-2021 með áherslu á börn og barnafjölskyldur, 813. mál.

Athugasemdir KÍ skiptast í tvennt, annars vegar almennar athugasemdir og hins vegar athugasemdir við einstaka liði framkvæmdaáætlunar.

#### **Almennar athugasemdir**

KÍ fagnar tillögu um opinbera stefnu um fjölskylduvænt samfélag þar sem börn og barnafjölskyldur búa við jöfn tækifæri og öryggi og njóta lögvarinna réttinda til að styðja við markvissa innleiðingu Barnasáttmálans í alla lagaumgjörð og framkvæmd, sem og áætlun um framkvæmd stefnunnar fyrir árin 2017-2021 með áherslu á börn og barnafjölskyldur.

Það er brýnt samfélagslegt verkefni að jafna stöðu heimila þar sem börn búa, með tilliti til efnahagslegra og félagslegra aðstæðna og uppruna, til að tryggja lífsafkomu og öryggi barna og barnafjölskyldna. Þetta verkefni gerir kröfu um samstarf margra, ríkis, sveitarfélaga, fagstétta sem starfa í félags-, heilbrigðis- og menntakerfi og fleiri aðila.

Framkvæmdaáætlunin er metnaðarfull og byggð upp með skýrum hætti. KÍ telur engu að síður að nauðsynlegt hefði verið að útlista betur þá opinberu stefnu sem áætlunin hvílir á, hlutverk og ábyrgð ríkis og sveitarfélaga og annarra aðila og eftirfylgni með einstökum aðgerðum. Slíkt myndi auðvelda mjög stefnumótun og starf margra aðila í samfélaginu sem sinna málefnum barna og barnafjölskyldna. Þingsályktunartillagan felur í sér að jafna skuli tækifæri, öryggi og réttindi barna og barnafjölskyldna en á hinn bóginn getur verið munur milli sveitarfélaga á þeim stuðningi og þjónustu sem er í boði fyrir börn og barnafjölskyldur. Í ljósi þessa telur KÍ að gera hefði þurft skýrari grein fyrir þeirri stefnu sem framkvæmdaáætlunin hvílir á og einnig vill KÍ benda á að ýmsar aðgerðir sem kveðið er á um í áætluninni gætu orðið erfiðar viðfangs fyrir fámenn sveitarfélög. Það er ennfremur skodun KÍ að fjármunir til að framkvæma áætlunina séu víða vanáætlaðir og að tryggja þurfi henni skýrt brautargengi með nægum og skilgreindum fjármunum.

Í athugasemdum við þingsályktunartillöguna kemur fram að stefna í málefnum barna og barnafjölskyldna hvíli á þremur meginstöðum, lífsafkomu, aðgengi að öflugri grunnþjónustu þar sem skólar, félags- og heilbrigðiskerfi vinna saman að því að tryggja öllum börnum gæðaðþjónustu, og virðingu fyrir rétti barna til þátttöku, sem og að við gerð stefnunnar hafi verið tekið mið af annarri stefnumótun á málavíðinu, svo sem stefnu í málefnum innflytjenda, heilbrigðis- og menntamála.

KÍ bendir á að í lögum og námskrám leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla er skóli fyrir alla í forgrunni, velferð og réttindi barna og ungmenna, og menntun án aðgreiningar. Staðan er hins vegar sú að fjölmörg mikilvæg atriði í menntastefnu um skóla fyrir alla, hafa lítt eða ekki komist í framkvæmd vegna niðurskurðar á fjármunum til skólustarfs í kjölfar hrunsins 2008 sem engan veginn er genginn til

baka. Hér má benda á margvísleg ákvæði um velferðar- og stoðþjónustu við börn og ungmenni á öllum skólastigum og námsgagnakostnað ungmenna í framhaldsskólum. KÍ bendir á að til að stöðin um aðgengi barna og barnafjölskyldna að öflugri grunnþjónustu skóla verði ekki bara orðin tóm þá er mjög brýnt að kraftur verði settur í að koma menntastefnu um skóla fyrir alla til sómasamlegrar framkvæmda með nægum og skilgreindum fjármunum.

**KÍ vill hér á eftir benda sérstaklega á eftirfarandi liði og aðgerðir í framkvæmdaáætluninni.**

*A. Afkoma og húsnæði.*

KÍ fagnar aðgerðum gegn barnafátækt og að ungmenni í framhaldsskóla frá tekjulágum heimilum hverfi ekki frá námi, sbr. liðir A.1 og A.2.

1. KÍ telur að gera þurfi mun meira til að vinna gegn efnahagslegri og félagslegri mismunun barna og barnafjölskyldna og vegna uppruna. KÍ telur mjög brýnt að námsgögn verði börnum og ungmennum á öllum skólastigum að kostnaðarlausu, og að komið verði á námsstyrkjakerfi fyrir ungmenni í framhaldsskólum, en þetta tvennt hefur lengi verið við lýði á öðrum Norðurlöndum. KÍ telur löngu tímabært að íslenskt samfélagið beri þennan kostnað í stað þess að velta honum á heimilin í landinu.
2. KÍ telur aðferðirnar sem nota á til að fylgjast með framgangi aðgerðanna í ofangreindum liðum ekki vera fullnægjandi. Það er nauðsynlegt að kanna áhrif aðgerðanna á aðstæður þeirra hópa sem þær beinast að.
3. KÍ leggur mikla áherslu á að mennta- og menningarmálaráðuneytið, Kennarasamband Íslands og Skólameistarafélag Íslands séu meðal skilgreindra samstarfsaðila um lið A.2, sem og að Kennarasamband Íslands og Skólameistarafélag Íslands séu meðal skilgreindra samstarfsaðila um lið A.5. Mikilvægt er að framhaldsskólar verði líka teknir með í þá kostnaðar- og áhrifagreiningu sem á að gera.

*C. Fjölskyldur, fræðsla og forvarnir.*

KÍ fagnar þeirri fræðslu sem hér er getið um fyrir börn, foreldra og þá sem starfa með börnum um hlutverk foreldra og áhættuþætti í lífi barna, sbr. liðir C.1 til C.7.

1. KÍ telur að aðferðirnar sem nota á til að fylgjast með framgangi aðgerðanna í ofangreindum liðum ekki vera fullnægjandi, sbr. inngangur C.liðar. Það er nauðsynlegt að kanna viðhorf þeirra sem fræðslan beinist að og gagnsemi hennar. KÍ telur að einnig þurfi að tilgreina eftirfylgni með fræðslu, aðferðir og ábyrgðaraðila.
2. KÍ bendir á að ekki er ljóst í liðum C.1., C.2., C. 3. og C. 7 hvaða aðilar það eru sem eiga að standa fyrir fræðslu, hverjir það eru sem eiga að tryggja að fræðslan sé í boði og hvernig. Að óbreyttu geta skólarnir einir engan veginn axlað ábyrgðina á því að fræða nemendur og starfsfólk. Þar þurfa að koma til skilgreindir og til þess bærir fræðsluaðilar.
3. KÍ bendir á að í lið C.2. um fræðslu fyrir fólk sem starfar með börnum um áhættuþætti í lífi barna, segir að fræðsla af þessu tagi eigi bæði að beinast að fagfólki og öðrum sem starfa með börnum, en í mælanlegu markmiði þessa liðar er aðeins getið um námskeið sem eru sniðin að ófaglærðu starfsfólki sem starfar með börnum. Þörf er fyrir að skýra þessi atriði betur. KÍ telur mjög brýnt að starfsfólki leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla standi til boða fræðsla um áhættuþætti í lífi barna, sem og að slík fræðsla sé hluti af kennaramenntun.
4. KÍ telur mjög brýnt að einnig verði komið á fagrráði eineltismála fyrir framhaldsskólastigið, til að tryggja samfellu í starfi við að koma í veg fyrir einelti gegn börnum frá leikskóla til loka framhaldsskóla, sbr. liður C.4. KÍ telur óljóst hvort að setja eigi miðlægar aðgerðaáætlanir fyrir skólastigin eða hvort að skólar á einstökum skólastigum eigi að setja sér áætlanir. Þarft er að skýra þetta. KÍ bendir einnig á að ekki er nægjanlegt að setja aðgerðaáætlanir og að meta

árangur þeirra út frá hlutfalli skóla sem setja sér slíkar áætlanir. Mjög mikilvægt er að kanna hvort að aðgerðaáætlanirnar séu notaðar og um gagnið af þeim, svo og að tilgreina eftirfylgni með áætlunum, aðferðir og ábyrgðaraðila.

5. KÍ vill ennfremur taka fram í sambandi við lið C.4. að mjög mikilvægt er einnig að fylgjast með framkvæmd reglugerðar um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum, nr. 1009/2015, hvort að starf fari fram í skólum á einstökum skólastigum samkvæmt henni og um gagnið af því.
6. Auk þess að efla foreldra til að takast á við barnauppeldi í upplýsingasamfélagi með fræðslu um netnotkun og velferð barna, sbr. liður C.6., þá telur KÍ mjög brýnt að kennarar verði eflir til að takast á við kennslu í upplýsingasamfélagi, og að einnig verði kortlögð þörf kennara fyrir fræðslu af þessu tagi.
7. KÍ telur mjög brýnt að einnig verði gerð áætlun um fræðslu fyrir ungmenni í framhaldsskólum um kynheilbrigði og klám, sbr. liður C.7., og fyrir þá sem vinna með ungu fólki á því skólastigi.
8. KÍ leggur mikla áherslu á að Kennarasamband Íslands sé meðal skilgreindra samstarfsaðila um liði C.2., C.4., C.6 og C.7. Ennfremur leggur KÍ mikla áherslu á að Skólameistarafélag Íslands sé meðal skilgreindra samstarfsaðila um lið C.3. og C.4., sem og að Samband íslenskra sveitarfélaga sé meðal skilgreindra samstarfsaðila um lið C.4.

#### *D. Frístundastarf barna.*

KÍ tekur heilshugar undir aðgerðir til að tryggja að öll börn eigi kost á að taka þátt í skipulögðu frístundastarfi.

1. KÍ leggur mikla áherslu á að aðgerðir samkvæmt lið D.1. nái til barna til 18 ára aldurs, og að aðgerðir samkvæmt lið D.2. nái til allra barna á fyrsta og öðru stigi grunnskóla. KÍ telur að brýnt sé að skoða aðferðir við að tryggja að bágur efnahagur foreldra komi ekki í veg fyrir að möguleika barna til að taka þátt í frístundastarfi, svo sem með því að skilyrða styrki til þeirra aðila sem standa fyrir frístundastarfi og að frístundapátttaka barna frá tekjulágum heimilum verði gjaldfrjáls.
2. KÍ telur mjög brýnt að Samband íslenskra sveitarfélaga og Skólameistarafélag Íslands sé meðal skilgreindra samstarfsaðila um lið D.3.

#### *E. Umönnun og samræming fjölskyldu og atvinnulífs.*

KÍ tekur heilshugar undir aðgerðir til að auka stuðning við umönnun og samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs.

1. KÍ telur mjög brýnt að fæðingarorlof foreldra verði lengt í 12 mánuði, að greiðslur til foreldra í fæðingarorlofi verði hækkaðar, og að skilgreindur verði réttur barna til leikskólagöngu strax að loknu fæðingarorlofi. KÍ bendir á að skoða þarf lög um leikskóla en samkvæmt þeim eru sveitarfélög ekki skyldug til að starfrækja leikskóla, og enginn skilgreindur réttur barna er í lögnum um aðgang að leikskóla. KÍ telur að börn eigi að hafa þennan skilgreinda rétt. Ennfremur telur KÍ að mjög brýnt að öll börn hafi aðgang að gjaldfrjálsum leikskóla strax að loknu fæðingarorlofi. Það er löngu tímabært að Ísland hætti að vera eftirbátur annarra Norðurlanda hvað varðar lengd fæðingarorlofs og stuðning samfélagsins við foreldra ungra barna.

*F. Velferð barna.*

KÍ tekur heilshugar undir aðgerðir til að tryggja velferð barna.

1. KÍ telur mjög brýnt að aðgerðir til að tryggja að grunnþjónustu við börn og barnafjölskyldur, sbr. liður F.1., nái til barna til 18 ára aldurs. KÍ telur óskynsamlegt að leggja málin þannig upp að hvert sveitarfélag finni upp hjólið á hverjum stað varðandi áætlun um fyrirkomulag samþættingar og samstarfs í grunnþjónustu. Brýnt er meðal annars að safna saman aðferðum sem reynst hafa vel við að koma slíkri samþættingu og samstarfi á (best practice) sem sveitarfélög geta stuðst við í áætlunum sínum. Í vinnu að aukinni samþættingu og samstarfi þarf að leggja sérstaka áherslu á aukið samstarf milli skólastiga og félagsþjónustunnar. KÍ telur mjög brýnt að Kennarasamband Íslands og Skólameistarafélag Íslands séu meðal skilgreindra samstarfsaðila um lið F.1.
2. KÍ telur mjög brýnt að aðgerðir til að efla þjónustu heilsugæslu við börn og fjölskyldur, sbr. liður F.2., nái til barna til 18 ára aldurs. KÍ telur mjög brýnt að Samband íslenskra sveitarfélaga, mennta- og menningarmálaráðuneytið og Skólameistarafélag Íslands séu meðal skilgreindra samstarfsaðila um lið F.2.
3. KÍ telur mjög brýnt að aðgerðir til að bæta og jafna aðgengi að fjölskylduráðgjöf og sérfræðiþjónustu, sbr. liður F.3., nái til barna til 18 ára aldurs. KÍ telur mjög brýnt að mennta- og menningarmálaráðuneytið og Skólameistarafélag Íslands séu meðal skilgreindra samstarfsaðila um lið F.3.
4. KÍ telur mjög brýnt að aðgerðir til að aðlaga þjónustu að þörfum barna með sértækar þarfir, sbr. liður F.4., nái til barna til 18 ára aldurs. KÍ telur mjög brýnt að Kennarasamband Íslands, Félag íslenskra sérkennara, mennta- og menningarmálaráðuneytið og Skólameistarafélag Íslands séu meðal skilgreindra samstarfsaðila um lið F.4.
5. KÍ telur mjög brýnt að aðgerðir til að tryggja þjónustu við börn á unglingsaldri sem eiga við fjölþættan vanda að etja, sbr. liður F.6., nái til barna til 18 ára aldurs. KÍ telur mjög brýnt að Félag íslenskra sérkennara, mennta- og menningarmálaráðuneytið og Skólameistarafélag Íslands séu meðal skilgreindra samstarfsaðila um lið F.6.

Virðingarfyllt

F.h. Kennarasambands Íslands

Aðalheiður Steingrimsdóttir varaformaður







Alþingi  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. september 2016  
1609038/0.4.1/eb

**Efni: Umsögn í máli nr. 813 til þingsályktunar um fjölskyldustefnu fyrir árin 2017-2021 með áherslu á börn og barnafjölskyldur.**

Vísað er í tölvupóst, dags. 24. ágúst sl., þar sem óskað er eftir umsögn Embættis landlæknis um tillögu til þingsályktunar um fjölskyldustefnu fyrir árin 2017 - 2021.

Embætti landlæknis lýsir ánægju með að mörkuð sé skýr stefna í málefnum fjölskyldna hér á landi og leggur áherslu á að ofangreind tillaga verði samþykkt. Brýnt er að tryggja að stefnunni verði fylgt eftir með markvissum hætti og nægilegu fjármagni.

Embætti landlæknis fagnar því einnig að samstarfsaðilar eru tilgreindir, tímarammi gefinn og leggur áherslu á að til þess að þingsályktunin verði að veruleika er nauðsynlegt að þverfaglegt samstarf sé í heiðri haft og leiðarljósið verði að allir vinni saman að sameiginlegum hagsmunum barna og fjölskyldna þeirra.

Að mati Embættis landlæknis er mikilvægt að bæta skráningu upplýsinga um samsetningu í barnafjölskyldum og hvernig áætlað er að bæta hag umgengnisforeldra. Þá er brýnt að taka á húsnæðismálum ungs fólks og þeirra sem eru efnaminni.

Embætti landlæknis fagnar því hve mikil áhersla er lögð á að vinna gegn barnafátækt og að efla stuðning við efnaminni fjölskyldur en áréttar að hafa ber í huga að styðja þarf vel við allar barnafjölskyldur.


Einstaklega ánægjulegt er að lagt er til að framhaldsskólanemum (16 - 20 ára) frá tekjuminni heimilum verði tryggður fjárhagslegur stuðningur til náms. Þá er jákvætt hve oft er vitnað í Barnasáttmálann og mikilvægt að fylgja honum vel eftir.


Embætti landlæknis lýsir ánægju með þá stefnu að tryggja börnum samvistir við báða foreldra með því að auka rétt foreldra til fæðingarorlofs. Mikilvægt er að leggja áherslu á meðgöngu- og ungbarnavernd með sérstöku tilliti til áhættuþátta, s.s. vegna geðrænna vandamála, fíknisjúkdóma og/eða félagslegs vanda. Þá er jákvætt að sérstakur kafli er um réttindi langveikra barna og barna sem glíma við fötlun til að njóta umönnunar foreldra og að veikindarétturinn fylgi barninu.

Embætti landlæknis leggur áherslu á að grunnþjónusta verði samhæfð og að unnið verði markvisst í nærsamfélagi hvernar fjölskyldu með þau mál sem upp kunna að koma. Þá er mikilvægt að efla heilsugæslu, auka aðgengi að þverfaglegu heilbrigðisfólki, efla forvarnir, snemmtæka íhlutun og hafa lýðheilsuþæknisleg sýnileg. Mikilvægt er að sinna vel börnum sem búa við erfiðleika á heimilum og sjá til þess að þau búi ekki við vanrækslu og/eða ofbeldi. Mikilvægt er að auka uppeldislegan stuðning inn á heimilum þar sem það á við og efla aðstoð við heimanám. Þá er vert að bjóða lengda viðveru eftir skóla.

Embætti landlæknis lýsir eindregnum stuðningi við þessa stefnu og undirstrikar mikilvægi þess að henni verði fylgt eftir af stjórnvöldum og samstarfsaðilum. Nauðsynlegt er að kynna stefnuna vel og skilgreina samstarfsaðila í hverjum lið. Í nokkrum liðum mætti bæta við samstarfsaðilum.

Virðingarfyllst,

  
Leifur Þórðarson,  
sviðsstjóri

  
Salbjörg Bjarnadóttir,  
verkefnisstjóri

## **Athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um fjölskyldustefnu fyrir árin 2017–2021 með áherslu á börn og barnafjölskyldur. Þingskjal 1502 — 813. mál.**

### **A.2. Framhaldsskólanemar frá tekjulágum heimilum.**

Að skólaskyldualdur verði hækkaður upp í 18 ár í samræmi við aðra löggjöf og með tilheyrandi kostnaðarþátttöku hins opinbera.

### **B.2. Fagráð um fjölskyldurétt.**

Mikilvægt að það fagráð sem skipa á verði þverfaglegt.

### **C.1. Fræðsla um foreldrahlutverk**

Gerð verði áætlun um hvernig haga megji fræðslu um foreldrahlutverk og undirbúning undir fjölskyldulíf og fundnar leiðir til að styrkja heilbrigða tengslamyndun og heilbrigðan þroskaferil barnsins. Tryggt verði að allir foreldrar eigi kost á fræðslu og að fræðslan sé miðuð að mismunandi þörfum þeirra.

### **C.2. Fræðsla fyrir fólk sem starfar með börnum um áhættuþætti í lífi barna.**

Ef foreldri veikist sé bundið í lög að starfsfólk heilbrigðiskerfisins hafi þekkingu á og sé ábyrgt fyrir því að barn fái meðferð við hæfi

### **E.3. Umönnun og samræming fjölskyldu- og atvinnulífs.**

Að skólaganga barna sé færð til samræmis við atvinnulíf. Markmiðið væri að börn og foreldrar fengju samræmd sumar- og vetrarfrí og þar með væri líður D.2 óþarfur að miklu leyti.

### **F.3. Aðgengi að fjölskylduráðgjöf og sérfræðiþjónustu.**

Að fjölskyldumeðferð verði raunverulegur valkostur og greidd niður af sjúkratryggingum Íslands.

### **F.7. Meðgöngu- og ungbarnavernd**

Að skoðað sé hvernig staðið er að skimun á fyrir geðheilbrigðisvanda, tengslavanda, áfengis- og vímuefnavanda, ofbeldi og vanrækslu í meðgöngu- og ungbarnavernd ásamt eftirfylgni. Einnig er mikilvægt að skimað sé fyrir áfallasögu foreldra (ACE, Adverse Childhood Experiences) og veitt viðeigandi meðferð. Slík meðferð er í boði innan Landspítala og í Miðstöð foreldra og barna.



Með vísan í lið A.5 er mikilvægt að tekið sé mið af samfélagslegum kostaði og fjárfestingu þjóðfélagsins í börnum og greint hve mikið sá kostnaður hækkar ef ekki er gripið til snemmtækrar íhlutunar á öllum stigum heilbrigðisþjónustu.

María Einisdóttir framkvæmdastjóri Geðsviðs  
Gunnlaug Thorlacius verkefnastjóri  
Anna Rós Jóhannsdóttir yfirfélagsráðgjafi



Alþingi  
Velferðarnefnd  
150 Reykjavík



## Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík  
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606  
netfang: postur@personuvernd.is  
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 7. september 2016

Tilvísun: 2016081221VEL/--

### **Efni: Tillaga til þingsályktunar um fjölskyldustefnu fyrir árin 2017-2021 með áherslu á börn og barnafjölskyldur, 813. mál**

Persónuvernd vísar til beiðni velferðarnefndar Alþingis frá 24. ágúst 2016 þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um fjölskyldustefnu fyrir árin 2017-2021 með áherslu á börn og barnafjölskyldur (813. mál á 145. löggjafarþingi 2015-2016, þskj. 1502).

Með tillögunni ályktar Alþingi að samþykkja opinbera stefnu um fjölskylduvænt samfélag þar sem börn og barnafjölskyldur búi við jöfn tækifæri og öryggi og njóti lögvarinna réttinda. Þá sé það meginmarkmið fjölskyldustefnu að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, barnasáttmálinn, sé innleiddur í alla lagaumgjörð og framkvæmd. Þannig megi auka velferð barnafjölskyldna og leitast við að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar á sviði fjölskyldu og mannréttinda. Þá eru undirmarkmið stefnunnar skilgreind í sex þáttum og tekið fram að unnið skuli samkvæmt framkvæmdaáætlun sem fylgir tillögunni en hún er í sex stafliðum.

Persónuvernd hefur farið yfir framkvæmdaáætlun fjölskyldustefnunnar. Í nokkrum liðum hennar er að finna verkefni sem hafa snertiflöt við lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sem Persónuvernd er falið að hafa eftirlit með, sbr. 37. gr. þeirra laga. Í tillögunni er almennt gert ráð fyrir aukinni upplýsingasöfnun og samræmingu milli opinberra aðila í málefnum er varða fjölskyldur. Persónuvernd telur að gæta þurfi sérstakrar varúðar þegar stjórnvöld hyggjast auka eftirlit með borgurunum og um leið skrá persónuupplýsingar um þá í miðlægar skrár á sínum vegum. Í því felst meðal annars að löggjafinn taki skýra afstöðu til þess hversu langt stjórnvöld megi ganga í skráningu persónuupplýsinga um einstaklinga.

Að öðru leyti gerir Persónuvernd athugasemdir við eftirfarandi stafliði framkvæmdaáætlunarinnar:

### *1. B.3. Skráning upplýsinga*

Í lýsingu verkefnisins kemur fram að gerðar verði endurbætur á Þjóðskrá þannig að hægt verði að kalla fram upplýsingar um fjölskyldutengsl barna og fullorðinna á heimili og foreldra sem ekki búa á heimilinu.

### **Tillaga Persónuverndar**

Persónuvernd hefur reglulega bent á í umsögnum sínum, bæði til Alþingis og innanríkisráðuneytisins, að tímabært sé að lög nr. 54/1962, um Þjóðskrá og almannaskráningu, verði endurskoðuð. Þá hefur auk þess verið bent á hnökra í löggjöf um Þjóðskrá í nokkrum úrskurðum Persónuverndar, nú síðast í úrskurði nr. 526/2015 vegna miðlunar Sjúkratrygginga Íslands á fjárhagsupplýsingum föður barns til stjúpföður barnsins á grundvelli fjölskyldunúmers. Persónuvernd telur framangreint koma í veg fyrir slíkt og því vera til bóta.

### *2. C.2. Fræðsla fyrir fólk sem starfar með börnum um áhættuþætti í lífi barna*

Í lýsingu verkefnisins segir að skoðað verði hvort efla megi skimun fyrir áhættuþáttum, svo sem fyrir áfengis- og vímuefnasjúkdómum, einelti, ofbeldi og vanrækslu. Umrædd tillaga er ekki rökstudd nánar í greinargerð sem fylgdi framkvæmdaáætluninni og verður því m.a. ekki ráðið hvort tilgangurinn sé að skima öll börn í grunn- og framhaldsskólum.

### **Tillaga Persónuverndar**

Ef svo er, sbr. framangreint, telur Persónuvernd, m.a. í ljósi 2. mgr. 40. gr. laga nr. 91/2008, um grunnskóla, að annað hvort þurfi samþykki foreldra eða sérstaka lagaheimild. Samþykki þyrfti að fullnægja kröfum 7. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Við setningu sérstakrar lagaheimildar þyrfti m.a. að huga að meðalhófssjónarmiðum, og ganga ekki lengra í skráningu og varðveislu viðkvæmra persónuupplýsinga en nauðsynlegt er. Þá má einnig benda á hina almennu lögmætisreglu stjórnisýsluréttarins sem kveður á um að stjórnvöldum sé aðeins heimilt að aðhafast það sem þeim er sérstaklega heimilað eða boðið í lögum. Einnig bendir Persónuvernd á ákvæði 20. gr. laga nr. 77/2000 sem kveður á um fræðsluskyldu ábyrgðaraðila til hins skráða, eða eftir atvikum forráðamanna hans, þegar persónuupplýsinga er aflað hjá honum sjálfum.

### *3. C.6. Netnotkun og velferð barna*

Í lýsingu verkefnisins segir að skilgreind verði þörf fyrir fræðslu og þjónustu við foreldra svo að þeir geti leiðbeint börnum sínum um netöryggi og stutt þau við að hafa stjórn á tölvunotkun. Jafnframt verði skoðað hvort vðeigandi úrræði standi fjölskyldum til boða í þeim tilvikum þar sem börn verða fyrir rafrænu einelti, árásum á einkalíf eða sýna einkenni netávana. Þá er lagt til að velferðarráðuneytið verði ábyrgðaraðili að framangreindu verkefni.

### **Tillaga Persónuverndar**

Persónuvernd telur mikilvægt að hún komi sem fyrst að vinnu við framangreint verkefni enda nátegt hlutverki hennar samkvæmt lögum nr. 77/2000. Þá telur Persónuvernd mikilvægt að hugað verði sérstaklega að þeim breytingum sem verða á íslenskri löggjöf með tilkomu hinnar nýju evrópsku persónuverndarlöggjafar, sbr. reglugerð 2016/679/ESB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga, en í henni er t.a.m. fjallað sérstaklega um vernd persónuupplýsinga barna o.fl.

### *4. F.10. Samræmt skráningarkerfi í barnavernd*

Í lýsingu verkefnisins er gert ráð fyrir að innleitt verði sameiginlegt skráningarkerfi

barnaverndarmála í öllum sveitarfélögum og barnaverndarumdæmum og með því stutt við samræmda skráningu og birtingu samtímalýkilupplýsinga í barnavernd. Auk þess verði til þekkingargrunnur sem auðveldi stefnumótun og ákvarðanatöku í málefnum barna og fjölskyldna.


### Tillaga Persónuverndar

Persónuvernd telur að gæta þurfi sérstakrar varúðar þegar sameina á viðkvæmar persónuupplýsingar í einn miðlægan gagnagrunn. Þá þarf einnig að vera til staðar skýr lagaheimild fyrir vinnslu persónuupplýsinga í slíkum miðlægum gagnagrunni, sbr. niðurstöðu dóms Hæstaréttar frá 27. nóvember 2003 í máli nr. 151/2003 (gagnagrunnsdómur). Þar segir skýrlega að löggjafinn sjálfur þurfi að taka ákvörðun um hvernig að vinnslu sé staðið og gæta að 71. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, sem mælir fyrir um að allir skuli njóta friðhelgi einkalífs heimilis og fjölskyldu og að þann rétt megi einungis takmarka *með sérstakri lagaheimild ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra*. Í dóminum kemur einnig fram að vegna þeirra skyldna sem 71. gr. stjórnarskrárinnar leggur á löggjafann til að tryggja friðhelgi einkalífs nægi ekki að leggja eftirlit í hendur opinberra stofnana og nefnda án þess að þær hafi við ákveðnar og lögmæltar viðmiðanir að styðjast í störfum sínum. Við gerð miðlægs gagnagrunns í barnaverndarmálum þarf auk þess að gæta að öllum ákvæðum laga nr. 77/2000, m.a. um meðalhóf og skýran tilgang vinnslu, sbr. 7. gr., heimildir til vinnslu, sbr. 8. og 9. gr., og öryggi persónuupplýsinga, sbr. 11.-13. gr. laganna.

F.h. Persónuverndar



Þórður Sveinsson



Vigdís Eva Línal



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi - nefndasvið  
b.t. Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík 9. september 2016

1609016SA KB/VÓHS  
Málalykill: 00.63

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjölskyldustefnu fyrir árin 2017-2021 með áherslu á börn og barnafjölskyldur, 813. mál. á 145. lgjþ.**

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 24. ágúst sl., þar sem óskað var eftir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um ofangreint þingmál.

Í upphafi er rétt að koma á framfæri athugasemdum við það fyrirkomulag, að af 65 umsagnarbeiðnum frá nefndasviði, voru engar umsagnarbeiðnir sendar á sveitarfélögin. Samband íslenskra sveitarfélaga er sameiginlegur málsvari sveitarfélaga í landinu samkvæmt 1. mgr. 98. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Engu að síður er mikilvægt að hvert sveitarfélag fái tækifæri til þess að koma á framfæri ábendingum og athugasemdum við stefnumótandi áætlanir Alþingis sem er ætlað að vera leiðarljós í málefnum barna og barnafjölskyldna. Sem stjórnvöld munu sveitarfélögin verða burðarásinn í innleiðingu stefnunnar og þróun framkvæmdaáætlunar um fjölskyldustefnu fyrir árin 2017-2021 á sviði húsnæðismála, fræðslumála, félagsþjónustu og íþrótt- og æskulýðsmála og samþættingu grunnþjónustu innan hvers sveitarfélags.

### Almennt um tillöguna

Sveitarfélögin áttu fulltrúa í verkefnisstjórninni sem var skipuð hinn 16. september 2013 og vann að efni þingsályktunartillögunnar. Þá skilaði sambandið inn umsögn um drög að tillögunni til velferðarráðuneytisins, dags. 2. október 2015.

Þingsályktunartillagan er unnin í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og var samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins hafður að leiðarljósi í starfi verkefnisstjórnarinnar. Sambandið telur framkomna þingsályktunartillögu fela í sér mörg jákvæð skref í átt að betra fjölskylduvænu samfélagi, en leggur einnig áherslu á mikilvægi þess að framkvæmdaáætlun af þeim toga sem um ræðir feli í sér raunhæf markmið og skýra forgangsöröðun. Ekki nægi að leggja fram drög að óskalista fyrir fjölskylduvænt samfélag þar sem börn og barnafjölskyldur búi við jöfn tækifæri þegar ekki sé gert ráð fyrir viðbótarfjármagni í því samhengi.

Að áliti sambandsins er ánægjulegt að sjá breytingar frá upphaflegum drögum við grein F6, sem fjallar um börn á unglingsaldri með fjölþættan vanda. Í framkvæmdaáætluninni er kveðið á um skýra ábyrgðarskiptingu á milli barnaverndar og geðheilbrigðisþjónustunnar við 18 ára aldur. Með því móti megi tryggja samfellu í stuðningi við þessi börn. Hins vegar er það gagnrýnivert að ekki er gert ráð fyrir viðbótarfjármagni í kostnaðarmati sem fylgir með framkvæmdaráætluninni og einungis gengið út frá því að úrræðið muni haldast innan ramma fjárlaga. Sambandið vekur athygli velferðarnefndar á að í vinnu við endurmat á yfirfærslu málefna fatlaðs fólks var



áætlað að kostnaður við búsetuúrræði fyrir þau 8-12 börn sem glíma við mestar geð- og þroskaraskanir geti numið allt að 400 m.kr. á ári. Engir fjármunir fluttust til sveitarfélaganna við yfirfærsluna til þess að sinna þessum hópi, né er gert ráð fyrir fjármagni í kostnaðarmati. Sé gert ráð fyrir því að sveitarfélögin sinni þjónustu við þessi börn innan málaflokks fatlaðs fólks þarf fjárveiting að koma til í samræmi við framangreint, eftir atvikum með flutningi fjárheimilda frá stofnunum ríkisins. Að mati sambandsins kemur til greina að fjárveitingin renni í sérstakan sjóð sem nefnd sérfræðinga myndi gera tillögur um úthlutun úr á hverju ári.

### **Um mat á kostnaðaráhrifum**

Framkvæmdaáætlun fjölskyldustefnu mun hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélögin. Alls eru aðgerðirnar 32 talsins og er gert ráð fyrir samvinnu og samráði með sveitarfélögunum í 24 þeirra. Í þingsályktunartillögunni kemur fram að hver aðgerð hefur að geyma sett markmið sem eru tímasett og kostnaðargreind. Svo virðist hins vegar sem ekki hafi farið fram mat á áhrifum framkvæmdaáætlunarinnar á fjárhag sveitarfélaga skv. 129. gr. sveitarstjórnarlaga.

Yfirumsjón með eftirfylgd og framkvæmd stefnunnar er í höndum félags- og húsnæðismálaráðherra, sem ber ábyrgð á því að framangreint mat fari fram. Hér er um að ræða forgangsröðun verkefna og fjármuna þar sem stefna ríkisstjórnarinnar ætti að vera nokkuð hnitmiðuð um atriði sem eru hvað brýnust. Ekki getur talist nægjanlegt að gera ráð fyrir því að ný úrræði, aukin fræðsla og setning aðgerðaráætlana sem ætlað er að ná árangri á næstu fjórum árum, rúmist innan ramma fjárlaga.

### **Athugasemdir við tillöguna**

#### **D. Frístundastarf barna**

Fjórða málefnasviðið fjallar um aðgerðir er varða frístundastarf barna en fjölbreytt frístundastarf er mikilvægur þáttur í þroska hvers einstaklings. Það er vel að börn njóti þess að fá að stunda íþrótt- og tómstundastarf að vild. Hins vegar virðist það færast í vöxt að foreldrar lendi í vandræðum með að greiða þau gjöld sem frístundastarfinu fylgir. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur ekki upplýsingar um hversu margir foreldra eiga annars vegar í vandræðum með að greiða gjöldin og hins vegar hve margir foreldrar hafa fengið fjárhagsaðstoð vegna þess. Sambandið telur þó fullvíst að þessi hópur sé ört stækkandi. Ekki sé lengur hægt að tala um vandamál sem einskorðist við efnaminni fjölskyldur, þar sem að gjöld vegna hvers kyns frístunda, hvort sem er í íþróttum eða listnámi, hafa farið hækkandi með árunum.

Á sama hátt þarf að huga að möguleikum barna til þátttöku í skipulögðu frístundastarfi utan skólatíma í sumarfríum. Æskilegt er að veita framboð yfir sumartímamál á því verði sem foreldrar hafa tök á að greiða. Hins vegar er ekki hægt að gera ráð fyrir því að sveitarfélögin fari í aukinn kostnað vegna þessa til niðurgreiðslu á þjónustu sem stjórnvöld vilja tryggja fyrir alla. Vel flest sveitarfélög bjóða upp á frístundastarf og gerir tillagan ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi, þ.e. að foreldrar greiði lágmarksgjald fyrir þátttöku barna sinna í frístundastarfi í sumarfríum. Hins vegar verður ekki gengið út frá því að verið sé að skylda minni sveitarfélög til þess að halda úti frístundastarfi á sumrin.





## F.8. Ofbeldi á heimilum barna

Samband íslenskra sveitarfélaga fagnar því sérstaklega að unnið verði að áætlun á landsvísi sem miðar að því að bæta verklag þegar um er að ræða ofbeldi á heimilum, með það að markmiði að tekið verði á vandanum með aðkomu fulltrúa barnaverndaryfirvalda og lögreglu þar sem gerandinn er fjarlægður af heimilinu. Þá sé mikilvægt að áætlunin feli jafnframt í sér áætlun um eftirfylgd í málum barna sem verða vitni að ofbeldi á heimili eða eru þolendur ofbeldis. Í vor var hafist handa við rannsókn sem er ætlað að meta kostnað þjóðfélagsins vegna heimilisofbeldis, en sé miðað við umfangið í þeim löndum sem Íslendingar bera sig gjarnan saman við, er talið að kostnaðurinn geti numið milljörðum króna árlega. Kostnaðurinn er af ýmsum toga, þar sem birtingarmynd heimilisofbeldis er margvísleg. Aðilar sem gætu þurft að bregðast við eru til að mynda lögregla, dómstólar, sjúkraflutningamenn, starfsfólk sjúkrahúsa, sálfræðingar, félagsráðgjafar, barnaverndarfulltrúar og starfsfólk velferðarsviðs. Sé annars konar kostnaður skoðaður má nefna að þolendur heimilisofbeldis eru líklegri til þess að búa við fleiri heilsufarsleg vandamál heldur en einstaklingar sem ekki hafa reynslu af slíku. Þá gefi langtímarannsóknir til kynna að börnum, sem alast upp við heimilisofbeldi, er hættara við að þróa með sér langvarandi sálræn og félagsleg vandamál, s.s. þunglyndi, kvíða, sektarkennd, misnotkun áfengis og vímuefna.

### Lokaorð

Samband íslenskra sveitarfélaga óskar eftir því að eiga fund með velferðarnefnd Alþingis, til þess að ræða nánar þær athugasemdir sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri



Alþingi  
velferðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
Alþingishús  
150 REYKJAVÍK

***Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjölskyldustefnu fyrir árin 2017-2021 með áherslu á börn og barnafjölskyldur. Lagt fyrir á 145. löggjafarþingi 2015-2016.***

Við er til tilkynningar á heimasíðu Alþingis þar sem fram kemur að öllum sé fjálst að senda inn skriflega umsögn um tillögu að þingsályktun um fjölskyldustefnu fyrir árin 2017 – 2021 með áherslu á börn og barnafjölskyldur. Fram kemur að frestur sé til 7. september 2016 til að leggja fram umsögn. Þar sem Reykjavíkurborg fékk ekki formlega beiðni um umsögn er umsögnin seint fram komin. Tekið er fram að mikilvægt er að sveitarfélögin fái tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í þessu veigamikla máli.

Um leið og það er fagnaðarefni að lögð skuli fram fjölskyldustefna sem hefur það að markmiði að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að fullu, er langt í land með að stefnan sé nægilega afdráttarlaus og nái til þess veruleika sem einkennir líf barna og foreldra á Íslandi árið 2016.

Þrátt fyrir að á Íslandi hafi alltaf tíðkast ákveðinn fjölbreytileiki í fjölskyldugerðum hefur samfélagið hér á landi líklega aldrei verið eins fjölbreytt og fjölmenningslegt og nú er. Slík breyting á samfélagsgerðinni er vafalítið komin til að vera og mun sjálfsagt halda áfram að þróast enn meir á þeim árum sem fjölskyldustefnunni er ætlað að koma til framkvæmda. Þá er Ísland ekki einangrað í samfélagi heimsins og hafa þær áskoranir sem ríki heimsins glíma við vegna stríðsátaka og fólksflutninga bein áhrif á þróun samfélagsins hérlandis. Þeir atburðir sem hafa orðið á síðustu mánuðum og árum í París, Noregi, Kaupmannahöfn og víðar spretta upp úr félagslegum veruleika fólks sem hefur upplifað jaðarsetningu og þá tilfinningu að tilheyra ekki því samfélagi sem það býr í. Á Íslandi höfum við ennþá tækifæri til þess að byggja upp samfélag sem leggur áherslu á markmið um að vernda börn og fjölskyldur úr viðkvæmstu samfélagshópunum. Það verður hinsvegar ekki gert með því að leggja fram fjölskyldustefnu sem tekur ekki til þeirra hópa í samfélaginu sem líklegastir eru til að upplifa jaðarsetningu, efnahagslegan, félagslegan og menningarlegan skort. Þá nægir ekki að tryggja aðgengi allra barna að þjónustu og jöfnum tækifærum ef ekki eru settar fram markvissar tillögur um það með hvaða hætti eigi að tryggja að þeir aðilar sem sinna börnum og fjölskyldum hafi þau viðhorf, þekkingu, hæfni og fjármagn sem til þarf.

Í kafla um almennar forsendur fjölskyldustefnunnar segir að við mótun hennar hafi verið tekið „mið af annarri stefnumótun á málavíðinu en forðast að endurtaka það sem þar kemur fram“. Þá segir jafnframt að lögð sé áhersla á jafnræði og að öll börn njóti sama réttar „og sé ekki mismunað á grundvelli kynþáttar, litarháttar, kynferðis, kynhneigðar, kynvitundar, tungu, trúarbragða, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, uppruna með tilliti til þjóðernis,

þjóðhátta eða félagslegrar stöðu, eigna, fötlunar, ætternis eða annarra aðstæðna barns, foreldra eða forsjáaraðila“. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar vill benda á að verði fjölskyldustefnan samþykkt verður hún eitt af lykilskjölunum í opinberri stjórnsýslu þar sem fjallað er um lífsafkomu barna, aðgengi að þjónustu og rétt þeirra til þátttöku. Eins og stefnan er sett fram má segja að ákveðin blinda sé gagnvart fjölbreytileika fjölskyldna t.d. varðandi þætti einsog kynjavídd og uppruna (e. gender blindness, color blindness). Skóla- og frístundasvið leggur því til að fjallað verði um fjölbreytileika fjölskyldna með afgerandi hætti í einstökum liðum stefnunnar þegar það á við og verði sérstaklega hugað að þáttum eins og kynhneigð, kynjafnrétti, fjölbreyttum tungumálum á heimili, menningu og menntun. Ef ekki er tekið tillit til fjölbreytileika fjölskyldna með meira afgerandi hætti í stefnunni er næsta víst að hún verður of almenns eðlis og mun ekki þjóna því hlutverki að gæta sérstaklega hagsmuna þeirra fjölskyldna sem mest þurfa á því að halda.

Þá tekur skóla- og frístundasvið undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 9. september 2016, um að nauðsynlegt sé að stefnan feli í sér raunhæf skref sem hafi það að markmiði að bæta stöðu þeirra barna og fjölskyldna sem eru í mestri hættu á að verða undir í samfélaginu. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að setja fram kostnaðargreiningar og tillögur að fjármögnun. Tekið er undir mikilvægi þess að sveitarfélögin fái tækifæri til að koma á framfæri ábendingum og athugasemdum um stefnmótandi áætlanir Alþingis í málefnum barna og barnafjölskyldna.

Af hálfu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar eru settar fram eftirfarandi ábendingar við einstaka liði tillögu til þingsályktunar um fjölskyldustefnu fyrir árin 2017-2021 með áherslu á börn og barnafjölskyldur:

#### A. Afkoma og húsnæði.

Skóla- og frístundasvið (SFS) fagnar því að byggður verði upp leigumarkaður til að barnafjölskyldur geti búið í öruggu húsnæði (A.4.). Eins og allir vita hefur leigumarkaður á Íslandi verið mjög ótryggur um árábil og þeir sem búa í leiguhúsnæði á frjálsum markaði haft takmarkaða tryggingu fyrir því að fá að ráða sjálfir hversu lengi þeir búa á sama stað eða flytja sig um set. Að hafa öruggt þak yfir höfuðið er ein af grunnþörfum mannsins og mikilvægt fyrir barnafjölskyldur að geta sjálfar ákveðið hvenær þær velja að skipta um húsnæði. Til að skapa börnum öruggt umhverfi er mikilvægt að þau og foreldrar þeirra geti sjálf ákveðið hvenær þau skipta um húsnæði en þurfi ekki að lúta lög málum frjálsa markaðarins um búsetuskipti og flutning á milli hverfa eða sveitarfélaga sem oftast kallar einnig á að börn þurfi að skipta um skóla þar sem skipting í skólahverfi í stærri sveitarfélögum fer eftir búsetu.

SFS leggur til að sveitarfélögum verði tryggt fjármagn til að framfylgja ákvæðum laga og reglugerða um að grunnskólinn verði gjaldfrjáls og nemendum og fjölskyldum þeirra að kostnaðarlausu og að hætt verði að gera ráð fyrir því að foreldrar leggi börnum sínum til ritföng og ýmis námsgögn.

Hins vegar er á það bent að í þessum lið er eingöngu hugað að efnahagslegri afkomu barna og fátækt vegna skorts á efnislegum gæðum. Hér vantar að skilgreina betur í hverju fátækt barna felst en skv. Skilgreiningu Evrópusambandsins á fátækt eru fátækir: „*Þeir einstaklingar og hópar sem hafa svo takmörkuð lífsgæði (efnahagsleg, menningarleg og félagsleg) að það hindrar þá til lágmarkspátttöku í því samfélagi sem þeir lifa í*“ (Auður býr í barni hverju.

Leiðbeiningar fyrir starfsfólk skóla um stuðning við börn úr efnaminni fjölskyldum(2011). Menntasvið Reykjavíkurborgar og Leikskólasvið Reykjavíkurborgar. Sótt af: [http://reykjavik.is/sites/default/files/yomis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/audurbyribarnihve\\_rju\\_0.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/yomis_skjol/skjol_utgefid_efni/audurbyribarnihve_rju_0.pdf)).

Efla þarf með markvissum hætti menningarlega og félagslega þátttöku barna og fjölskyldna en skortur á þeim lífsgæðum ýtir ekki síður undir jaðarsetningu barna og fjölskyldna en efnahagslegi þátturinn eins og komið hefur í ljós í tengslum við vangaveltur um það hverjir gangi til liðs við öfga- eða jaðarhópa í samfélaginu. Þarna þarf að taka sérstakt tillit til gagnkvæmrar aðlögunar einstaklinga að samfélaginu frá upphafi til enda.

## **A. 2. Framhaldsskólanemar frá tekjulágum heimilum.**

Sá hópur framhaldsskólanemenda sem líklegastur er til að hverfa burtu úr námi eru nemendur með annað móðurmál en íslensku. Ekki nægir að fjalla um efnahagslegu hlið brottfalls því hér þarf líka að tryggja menningarleg og félagsleg lífsgæði og efla stuðning við þá nemendur sem ekki hafa náð tökum á íslensku sem öðru máli sem nægir þeim til bóknáms í framhaldsskóla.

Lagt er til að mælanlegt markmið verði: Hækka hlutfall framhaldsskólanema með annað móðurmál en íslensku sem lýkur námi og lækka hlutfall framhaldsskólanema frá tekjulágum heimilum sem hverfa frá námi.

## **B. Fjölskyldulöggjöf og skráning upplýsinga.**

### **B.3. Skráning upplýsinga.**

Lagt er til að bætt verði við í lýsingu möguleika foreldra til að skrá mismunandi sambúðarform, fjölskyldugerðir og tungumál. Skráningar á börnum innflytjenda verði samræmdar en eins og staðan er í dag valda mismunandi skráningar á innflytjendabörnum, og skortur á samræmi og utanumhaldi á gögnum um fjölda barna af erlendum uppruna, því að erfitt er að móta stefnu eða skoða raunþörf á menntun og þjónustu við þessi börn s.s. eins og móðurmálaskennslu eða þátttöku í frístundastarfi.

## **C. Fjölskyldur, fræðsla og forvarnir.**

### **C.1. Fræðsla um foreldrahlutverk.**

Hér þarf sérstaklega að taka inn menningarbakgrunn, færni í íslensku, skilning og þekkingu á íslensku samfélagi og tungumáli, uppeldi og menntun og fræðslu til foreldra sem einkennist af menningarnæmi og millimenningarfærni.

Auk fræðslu fyrir foreldra um áfengis- og vímuefnamál, kynheilbrigði og ofbeldi þ.á.m. einelti og vanrækslu, eigi foreldrar kost á fræðslu um hlutverk sitt við að styðja við málþroska og læsi barna sinna og leiðbeiningar um hvernig þeir geti stutt við þessar mikilvægu forsendur náms og samskipta. Sérstaklega verði hugað að fjöltyngdum fjölskyldum. Einnig verði sérstaklega skilgreind þörf mjög ungra foreldra fyrir fræðslu, ráðgjöf og stuðning. Mikilvægt er að slík fræðsla sé foreldrum að kostnaðarlausu þannig að efnahagsleg staða foreldra ráði því ekki hverjir sæki slíka fræðslu.

## C.2. Fræðsla fyrir fólk sem starfar með börnum um áhættuþætti í lífi barna

SFS fagnar því að gerðar verði áætlanir um fræðslu fagfólks sem starfar með börnum um áhættuþætti í lífi barna. Mikilvægt er að þeir sem starfa með börnum og ungmennum séu vel upplýstir um hvaða þættir það eru sem valda áhættu í lífi barna og hvernig er hægt að vinna gegn þeim. SFS tekur undir mikilvægi þess að þeir sem starfa með börnum fái fræðslu um tilkynningarskyldu sína og hvernig beri að standa að henni. SFS tekur undir ábendingu KÍ um að ofangreind fræðsla sé ekki eingöngu fyrir ófaglærða starfsmenn í skóla- og frístundastarfi, heldur sé einnig hluti af menntun kennara og félags- og tómstundafræðinga hér á landi.

Skortur á félagslegum og menningarlegum lífsgæðum er stór áhættuþættur í lífi barna. Tryggja þarf að fagstéttir sem vinna með börnum úr fjölbreyttum fjölskyldum öðlist þekkingu til þess að greina þessa þætti og færni til þess að bregðast við með viðeigandi hætti. Sérstaklega þarf að huga að þörfum þeirra fjölskyldna sem ekki eiga bakland eða stuðning vísan innan nærsamfélagsins. Lagt er til að bætt verði við sem samstarfsaðila fulltrúa þeirra sem annast frístundaþjónustu á vegum sveitarfélaga.

## C.3. Fræðsla fyrir börn um ofbeldi, vanrækslu og einelti

SFS tekur undir mikilvægi þess að börn séu frædd um afleiðingar eineltis, fordóma og annars ofbeldis og að þau viti hvernig þau eigi að bregðast við verði þau fyrir slíku og hvert þau geti leitað. Stjórnendur í skóla- og frístundastarfi fái góðar leiðbeiningar um hvernig beri að standa að gerð slíkrar fræðslu.

SFS tekur undir mikilvægi þess að börn fái vandaða fræðslu um forvarnarmál í víðu samhengi sem byggir á nýjustu rannsóknum um hvað skili bestum árangri á því sviði og að þeim séu skapaðar aðstæður þar sem framkoma allra einkennist af virðingu, samkennd og ábyrgð í samfélagi þar sem einelti og fordómar líðast ekki og við því er brugðist í samræmi við fyrirfram gerðar áætlanir sem allir þekkja.

SFS tekur undir ábendingar KÍ um að skýra þurfi hverjir eigi að standa fyrir fræðslu um ofangreind mál, hverjir eigi að tryggja að fræðslan sé í boði og hvernig.

Í þessum þætti er nauðsynlegt að taka tillit til menningarmunar og hvernig eigi sérstaklega að huga að þeim börnum og fjölskyldum sem verða fyrir fordómum og eða einelti vegna uppruna, litarháttar eða tungumáls en rannsóknir héraendis hafa sýnt fram á að innflytjendur upplifa oft slíka fordóma en Íslendingar ( Guðrún Pétursdóttir (2013). *Birtingarmyndir dulinna fordóma og mismununar í garð innflytjenda á Íslandi*. Sótt af: [http://www.ici.is/assets/Birtingarmyndir\\_dulinna\\_fordoma\\_og\\_mismununar\\_i\\_garð\\_innflytjenda.pdf](http://www.ici.is/assets/Birtingarmyndir_dulinna_fordoma_og_mismununar_i_garð_innflytjenda.pdf) ).

Þá hafa niðurstöður kannana Rannsóknar og greiningar undanfarin ár á líðan ungmenna sýnt að staða ungmenna af erlendum uppruna er almennt verri hvað varðar líðan, vinatengsl, einelti og áhættuhegðun.

**C.4, C5 og C6:** Lagt er til að bætt verði sem dæmi um samráðsaðila fulltrúa aðila sem annast frístundaþjónustu á vegum sveitarfélaga.

#### **C.4. Aðgerðaáætlanir gegn einelti og fagráð eineltismála**

Hér er beint sjónum að leikskólanum og leikskólabörnum. Bent er á að á þessu aldurstigi er heppilegra að tala t.d. um forvarnaráætlun gegn einelti þar sem áhersla væri á markvissa vinnu með jákvæð samskipti til að koma í veg fyrir mögulegt einelti síðar. Aðaláherslan væri þá að vinna gegn einelti í leikskólanum.

#### **C.7. Fræðsla um kynheilbrigði og klám**

Hér vantar inn fræðslu um kynhneigð, kynvitund og kynjajafnrétti.

#### **D. Frístundastarf barna**

##### **D.1. Þátttaka barna í skipulögðu frístundastarfi utan skólatíma.**

Skóla- og frístundasvið fagnar því að tryggt verði að öll börn eigi kost á að taka þátt í skipulögðu frístundastarfi. Gera þarf sveitarfélögum kleift að standa undir þeim kostnaði sem fylgir því að hækka hlutfall barna í fjölskyldum í lægstu tekjubilunum sem tekur þátt í skipulögðu frístundastarfi utan skólatíma og í skólaleyfum (D.1.).

Skóla- og frístundasvið tekur undir að mikilvægt sé að tryggja að efnahagur foreldra hamli ekki frístundaþátttöku barna. Hinsvegar vantar að taka tillit til þess að skipulagt frístundastarf af því tagi sem tíðkast í norrænum samfélögum er ekki vel þekkt um allan heim. Mikilvægt er að upplýsa foreldra af erlendum uppruna um frístundastarf, kosti þess og mikilvægi fyrir félagslega aðlögun og virka þátttöku barna. Rannsóknir hafa sýnt að það er ekki eingöngu fjárhagsstaða foreldra sem veldur því að börn taka ekki þátt í skipulögðu tómstundastarfi.

##### **D.2. Frístundastarf barna í skólaleyfum.**

Lagt er til að skýrt komi fram hvað við er átt við með grunnskólabörnum á fyrsta stigi grunnskóla. Skoða þarf mikilvægi þess að boðið sé upp á skipulagt frístundastarf í skólaleyfum fyrir 1. til 10. bekk. Jafnframt er bent á mikilvægi þess að börn eigi kost á sumarleyfi með foreldrum sínum ef þess er nokkur kostur.

Lagt er til að bætt verði við sem samstarfsaðila fulltrúa þeirra sem annast frístundaþjónustu á vegum sveitarfélaga.

##### **D.3. Aðkoma og samráð við foreldra í skólastarfi.**

Skóla- og frístundasvið tekur undir mikilvægi þess að auka þátttöku, aðkomu og samstarf við foreldra í skólastarfi enda eru foreldrar mikilvægustu samstarfsaðilar skólanna um nám og skólagöngu barna. Skóla- og frístundasvið mun eftir sem áður hvetja grunnskóla borgarinnar til að gera sérstaka samstarfsáætlun um foreldrasamstarf eins og gert hefur verið undanfarin ár (liður D.3.).

#### **E. Umönnun og samræming fjölskyldulífs**

Skóla- og frístundasvið tekur undir mikilvægi þess að unnið verði að því að samræma vetrarleyfi og starfsdaga milli skólastiga og innan sveitarfélaga (liður E.4.). SFS bendir á að

mikilvægt sé að leita leiða til að atvinnulífið taki tillit til skólaleyfa svo tryggja megi samveru fjölskyldunnar. Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar hefur samræmt vetrarleyfisdaga í grunnskólum borgarinnar til að auðvelda foreldrum að nýta þessa daga til jákvæðra samvista við börn sín og einnig lagt til að leik- og grunnskólar í sama hverfi samræmi a.m.k. þrjá starfsdaga á ári til að auka möguleika á faglegu samstarfi leik- og grunnskóla en einnig til að auðvelda foreldrum að skipuleggja samveru með börnum sínum þessa daga.

Hugað verði sérstaklega að foreldrum í láglaunastörfum, innflytjendum með litla menntun og með langan vinnudag.

## **F. Velferð barna**

Skóla- og frístundasvið tekur undir tillögur um að tryggja velferð barna og auka samhæfingu og samþættingu í grunnþjónustu við börn og barnafjölskyldur. Skóla- og frístundasvið styður hugmyndir um að gerð verði áætlun um fyrirkomulag samþættingar og samstarfs í grunnþjónustu til að samhæfa þjónustu við börn og ungmenni, þ.m.t. skóla- og velferðarþjónustu til að tryggja að hagsmunir barna séu ætíð hafðir að leiðarljósi og að jafnræði ríki í þeirri þjónustu sem börnum og barnafjölskyldum standi til boða óháð búsetu. Skóla- og frístundasvið tekur undir tillögur í lið F.3. um bætt aðgengi að fjölskylduráðgjöf og sérfræðiþjónustu en bendir jafnframt á að tryggja þurfi sveitarfélögum fjármagn til að auka framboð á þessum sviðum þar sem slíkt á við.

Til þess að tryggja grunnþjónustu og velferð barna sem búa við efnahagslega, félagslega og menningarlega fátækt verður að ganga lengra í að skapa úrræði og lausnir en gert er í stefnunni. Tryggja þarf að sveitarfélög hafi aðgang að fjármagni til að þróa markvissar leiðir í almenntri og sértækri þjónustu við fjölskyldur sem búa við skert lífskjör. Skóla- og frístundasvið vill benda á þá þróun sem hefur orðið víða erlendis sérstaklega í samfélögum þar sem íbúasamsetning er flókin og lífsgæði íbúa slök með tilliti til fyrrgreindra þátta. Víða hafa verið settar á laggirnar félagsmiðstöðvar (e. community centers) eða fjölskyldumiðstöðvar (e. family centers) þar sem fjölskyldum gefst kostur á að koma með börn sín og taka þátt í samfélagi annarra foreldra auk þess sem boðið er upp á fræðslu, námskeið í foreldrafærni, málörvunarnámskeið fyrir börn og foreldra, heilsugæslu, tungumálakennslu, opinn leikskóla og margt fleira. Hægt er að líta til Norðurlandanna, Bretlands, Bandaríkjanna, Ástralíu, Þýskalands, Kanada og fleiri landa eftir dæmum um slíka starfsemi en markmiðið með þeim öllum er að draga úr jaðarsetningu fjölskyldna, efla tengsl á milli aðila í nærsamfélaginu og efla foreldarafærni.

### **F.3. Aðgengi að fjölskylduráðgjöf og sérfræðiþjónustu og F7 Meðgöngu og ungbarnavernd.**

Huga þarf sérstaklega að tengslamyndun barna og foreldra og tryggja aðgengi foreldra að markvissri ráðgjöf og fræðslu á meðgöngu og í frumbersku barna um mikilvægi jákvæðra tengsla. Sérstaklega þarf að huga að þeim fjölskyldum sem búa við menningarlega eða félagslega fátækt, vímuefnavanda og geðræn vandamál en einnig fatlaða og seinfæra foreldra.

### **F.4. Samræmt mat á þjónustubörf barna með sértækar þarfir.**

Hér er fjallað um mat á þjónustubörf barna með sértækar þarfir. Bæta þarf við umfjöllun um

að þegar stuðningsþörf barns sé metin þá fari samhliða fram mat á þeim aðstæðum sem barni eru búnar í skóla, frístundastarfi og á heimili.


#### **F.8. Ofbeldi á heimilum barna.**

Lagt er til að sérstaklega verði hugað að menningarmun og lögð áhersla á að auka þekkingu fagfólks hjá barnaverndarnefndum og í félags, heilbrigðis- og menntakerfinu á menningarnæmi í samskiptum við fjölskyldur með ólíkan menningarbakgrunn. Fagfólk upplýsi foreldra um ábyrgð og skyldur í foreldrahlutverkinu og einnig um að ofbeldi og líkamlegar refsingar samræmist ekki íslenskum lögum. Um leið verði lögð áhersla á að leiðbeina foreldrum og styðja þá við að temja sér aðrar aðferðir í uppeldinu en líkamlegar refsingar og ofbeldi. Einstaklingar með þekkingu á menningu og tungumálum foreldra verði lykilaðilar í ráðgjöf og fræðslu til foreldra um ofbeldi og líkamlegar refsingar.

#### **Um mat á kostnaðaráhrifum.**

Tekið er undir sjónarmið Sambands íslenskra sveitarfélaga í umsögn, dags. 9. september 2016, um mat á kostnaðaráhrifum og mikilvægi þess að slíkt mat fari fram og að fjármunir verði tryggðir.

Virðingarfyllst



Helgi Grímsson, sviðsstjóri  
skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar





**Efni: Tillaga til þingsályktunar um fjölskyldustefnu fyrir árin 2017-2021 með áherslu á börn og barnafjölskyldur, 813. mál.**

Vísað er í tölvupóst, dags. 24. ágúst sl., þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna um tillögu til þingsályktunar um fjölskyldustefnu fyrir árin 2017-2021.

Umboðsmaður barna telur mikilvægt að marka skýrari stefnu í málefnum barna hér á landi. Hann vonar því að ofangreind tillaga verði samþykkt. Jafnframt verður þó að tryggja að henni verði fylgt eftir með markvissum hætti í framkvæmd, meðal annars með nægilegu fjármagni.

Umboðsmaður barna hefur þegar fengið nokkur tækifæri til að koma með tillögur og athugasemdir um efni stefnunnar. Ánægjulegt er að sjá að tekið hafi verið tillit til ýmissa ábendinga. Þó eru ýmis atriði sem umboðsmaður hefur bent á sem hann hefði gjarnan viljað sjá í stefnunni, svo sem um slysavarnir, styrkingu barnaverndar og barnaverndarúrræða og framkvæmd barnalaga. Þá vill umboðsmaður sérstaklega ítreka eftirfarandi ábendingar.

Umboðsmaður barna fagnar því að eitt af markmiðum tillögunnar sé að Barnasáttmálinn verði innleiddur í alla lagaumgjörð og framkvæmd. Margir þættir stefnunnar miða að þessu markmiði, svo sem tillaga A.5. um kostnaðar- og áhrifagreiningu opinberra útgjalda fyrir hagsmuni barna. Þó vantar enn upp á ýmsa þætti sem eru taldir grundvallarforsendur innleiðingar sáttmálans. Má til dæmis nefna heildstætt kerfi um söfnun, vinnslu og greiningu gagna um börn og stöðu þeirra. Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur ítrekað beint því til íslenska ríkisins að þróa slíkt kerfi, enda sé það forsenda þess að hægt sé að meta hvort öllum börnum sé í raun tryggð þau réttindi sem kveðið er á um í sáttmálanum, án mismununar af nokkru tagi, sbr. 2. gr. sáttmálans.

Umboðsmaður barna telur sérstaklega jákvætt að í athugasemdum við þingsályktunartillöguna sé áréttað að umrædd stefna eigi að leiða til þess að tekið verði mið af Barnasáttmálanum í allri ákvarðanatöku og í öllu starfi sem varðar börn. Því miður er algengt að löggjafinn og stjórnvöld hér á landi taki ákvarðanir sem varða börn án þess að meta hvort slík ákvörðun sé raunverulega í samræmi við það sem er börnum fyrir bestu og án þess að börnum sé veitt tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Umboðsmaður barna hefði gjarnan viljað sjá tillögu sem myndi miða að því að tryggja að við alla ákvörðunartöku sem varðar börn fari fram sérstök greining og mat á því hvaða áhrif umrædd ákvörðun mun hafa á hagsmuni og réttindi barna (e. Child impact assessment). Þannig er hægt að tryggja að ákvarðanir séu betur í samræmi við það sem er börnum fyrir bestu, sbr. 3. gr. Barnasáttmálans og að tekið sé tillit til sjónarmiða barna, sbr. 12. gr. sáttmálans.

Umboðsmaður barna er ánægður að sjá hversu mikil áhersla er lögð á fræðslu til barna, foreldra og fagfólks í stefnunni. Hann saknar þess þó að sérstaklega sé tekið fram að tryggja eigi öllum þessum aðilum fræðslu og þjálfun um réttindi barna. Samkvæmt Barnasáttmálanum er íslenska ríkinu skylt að kynna efni sáttmálans með virkum hætti fyrir börnum sem og fullorðnum. Mikilvægur þáttur í að tryggja að Barnasáttmálinn sé virtur í framkvæmd er að tryggja að börn, foreldrar og fagfólk þekki réttindi barna og virði þau í þeirra daglega lífi. Má í því sambandi benda á að í lokaathugasemdum Barnaréttarnefndarinnar til Íslands frá árinu 2011 mælist nefndin sérstaklega til þess að tryggð verði fullnægjandi og skipuleg þjálfun um réttindi barna fyrir allra faghópa sem starfa í þágu og með börnum.

Í tillögu D.3. er sérstaklega fjallað um aðkomu og samráð við foreldra í skólastarfi, en markmiðið er að auka þátttöku, aðkomu og samstarf foreldra í skólum. Umboðsmaður barna telur fulla þörf á því að hafa sambærilega tillögu um samráð við nemendur í skólastarfi og ákvörðunum sem varða menntamál almennt, í samræmi við 12. gr. Barnasáttmálans. Margir skólar standa sig vel í því að efla lýðræðislega þátttöku nemenda innan skólans, bæði í gegnum skólaráð og nemendafélög. Því miður skortir þó verulega upp á þátttöku nemenda í ýmsum skólum. Enn fremur eru stærri ákvarðanir sem varða menntamál hjá sveitarfélögum og ríkinu oftár en ekki teknar án þess að leitað sé eftir samráði við nemendur. Á það til dæmis við um ákvarðanir um breytta einkunnagjöf, styttingu framhaldsskólans, breytingu á fyrirkomulag samræmdra prófa og ákvarðanir um sameiningar skóla.

Umboðsmaður barna fagnar þeim tillögum stefnunnar sem miða að því að auka öryggi, heilsu og velferð barna. Sérstaklega er jákvætt að stefnt sé að því að tryggja meiri samþættingu og samstarf í þjónustu við börn. Umboðsmaður barna hefði þó viljað sjá enn frekari tillögur um það hvernig megi auka möguleika barna til þess að geta sjálf leitað sér aðstoðar, til dæmis hjá heilsugæslunni og barnavernd. Mikilvægt er að tryggja að börn geti sjálf leitað sér aðstoða og átt trúnaðarsamskipti við fagaðila, án tillits til vitneskju eða afstöðu foreldra. Þá þarf að tryggja að börn geti nálgast upplýsingar og fræðsluefni sem hæfa aldri þeirra og þroska, t.d. á netinu. Þá skiptir miklu máli að bjóða upp á umhverfi sem tekur mið af þörfum barna. Umboðsmaður barna hefur áhyggjur af því að börn sem vilja eða þurfa að leita eftir aðstoð án aðkomu foreldra, t.d. hjá barnavernd, eigi oft á tíðum ekki nógu greiðan aðgang að fagfólki. Væri því æskilegt að taka sérstaklega fram í fjölskyldustefnu að vinna skuli að því að auka aðgengi barna að stjórnslu og þjónustu ríkis og sveitarfélaga og gera hana barnvænni.

Virðingarfyllst,  
Margrét María Sigurðardóttir,  
umboðsmaður barna

Reykjavík, 7. september 2016

**Efni: Umsögn UNICEF á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um fjölskyldustefnu fyrir árin 2017-2021 með áherslu á börn og barnafjölskyldur, 145. löggjafarþing 2015-2016. Þingskjal nr. 1502 - 813. mál.**

Vísað er til póstis frá nefndasviði Alþingis þann 25.8. 2016 þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um fjölskyldustefnu fyrir árin 2017-2021 með áherslu á börn og barnafjölskyldur. Markmið tillögunnar er að innleiða Barnasáttmálann í alla lagaumgjörð og framkvæmd. Þannig megi auka velferð barnafjölskyldna og leitast við að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar sem felast í lögfestingu sáttmálans hér á Íslandi í febrúar árið 2013.

UNICEF á Íslandi vill ítreka það sem kemur fram í umsögn okkar um frumvarp til laga um sjálfstæða mannréttindastofnun um innleiðingu sáttmálans og viljum um leið lýsa yfir áhyggjum af því að fjallað sé um innleiðingu Barnasáttmálans á svo mörgum stöðum án þess að ábyrgðar- eða samræmingaraðili, með innleiðingunni, sé tilnefndum innan stjórnarsýslunnar. UNICEF á Íslandi ítrekar nauðsyn þess að innleiðing sáttmálans sé í höndum eins aðila, sem hafi tök á því að samræma innleiðingu hans þvert á ráðuneyti og stofnanir.

Frá því að Barnasáttmálinn var lögfestur hefur ekki verið ljóst hvar innleiðing sáttmálans ætti heima innan stjórnarsýslu ríkisins eða sveitarfélaga. Innleiðing samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins krefst samvinnu allra þeirra aðila sem koma að málefnum barna á Íslandi og því vill UNICEF á Íslandi ítreka það sem kemur fram í lokaathugasemdum Barnaréttarnefndar SP frá árinu 2011 til íslenskra stjórnvalda. Þar segir: „Nefndin mælist til þess að aðildarríkið geri ráðstafanir til setja á fót skilvirkt og varanlegt kerfi til samræmingar á framkvæmd stefnumiða um réttindi barnsins milli allra hlutaðeigandi aðila og stofnana á öllum stigum. Þessu kerfi skal séð fyrir nauðsynlegum mannafla, tæknilegum tilföngum og fjármunum til að framkvæma stefnumið um réttindi barnsins sem eru heildstæð, samfelld og samræmd á lands- og svæðisvísu sem og sveitarstjórnarstigi.“

UNICEF á Íslandi telur mikilvægt að öll innleiðing Barnasáttmálans sé í fullu samræmi við tilmæli og athugasemdir Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna.

Við einstaka tillögur þingsályktunarinnar vill UNICEF á Íslandi gera eftirfarandi athugasemdir.

## **Aðgerðir í flokki A: Afkoma og húsnæði**

### **A.1. Átak gegn barnafátækt.**

Aðgerði A.1 miðar að því að sett verði af stað átak gegn barnafátækt. UNICEF á Íslandi mælir heilshugar gegn því að talað sé um átak gegn barnafátækt. Markmið aðgerðarinnar er að ekkert barn búi við fátækt samkvæmt viðurkenndum mælikvörðum. Slíkt verkefni á ávallt að líta á sem langtímaverkefni með sértækum og almennum úrræðum í boði fyrir bæði börn og barnafjölskyldur sem búa við fátækt á Íslandi.

Í athugasemdum við tillögurnar er fjallað um hlutfall barna undir lágtekjumörkum og um fólki sem býr við skort á efnislegum gæðum og birtar niðurstöður úr lífskjararannsókn Evrópusambandsins frá árinu 2013. Eins og fram kemur í skýrslu UNICEF á Íslandi *Réttindi barna á Íslandi: Börn sem líða efnislegan skort* er mjög mikilvægt að skoða stöðu barna og skort meðal þeirra með því að einblína á börnin sjálf, en ekki bara heimili þeirra í heild sinni.

Í skýrslunni stendur:

Í stað þess að rýna í efnislegan skort meðal barna á einu sviði í einu, líkt og hingað til hefur oftast verið gert, gengur aðferðin út á að greina marghliða skort hjá börnum. Hún gerir okkur kleift að rannsaka skort út frá mörgum sviðum og ólíkum bakgrunnsbreytum. Með henni má greina fjölda barna sem líða skort, dýpt skortsins, hvar hann kemur fram (t.d. í næringarviðmiðum, húsnæði og klæðnaði) og hvaða breytur hafa sérstaklega áhrif (t.d. menntun foreldra, tekjur og uppruni). Hægt er að sjá hvaða breytur hafa áhrif á mismunandi sviðum, til dæmis hvort búseta hafi sérstaklega áhrif á skert aðgengi barna að félagslífi eða hvort aldur foreldra skipti máli hvað varðar skort á sviði húsnæðis.

Skortgreining UNICEF sker sig frá fyrri rannsóknaraðferðum á barnafátækt og efnislegum skorti með því að einblína á börnin sjálf en ekki heimili þeirra í heild sinni. Þarfir barna eru oft aðrar en foreldra þeirra og heimilisins og því getur það gefið skakka niðurstöðu að einblína á heimilið sem heild. Aðferðin er barnamiðuð og byggir á áherslu UNICEF, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, á jafnræði (e. equity) – að öll börn eigi að njóta sömu réttinda og öll börn skipti máli.

### **Jöfn tækifæri og jafnir möguleikar**

Í stöðuskýrslu sinni, *State of the World's Children*, mælir UNICEF á hverju ári þann árangur sem náðst hefur í að bæta stöðu barna í heiminum. Meðfram nýsamþykktum heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem taka við af þúsaldarmarkmiðunum undirstrikar UNICEF mikilvægi þess að líta árangur öðrum augum en áður. Samhliða því að fagna þeim árangri sem náðst hefur á fjölmörgum sviðum er lögð áhersla á þau sem eftir sitja. Ójafnræði og mismunur hafa oft og tíðum verið falin og einungis ákveðnir hópar í hverju samfélagi því upplifað árangurinn í raun – og ekki endilega þau börn sem verst hafa það.<sup>1</sup>

UNICEF á Íslandi leggur til að þeir mælikvarðar sem notaðir verða til að mæla fátækt meðal barna taki til greina þá nýju aðferð sem lögð var til í nýútkominni skýrslu okkar og að skoðuð verði staða barna með því að einblína á börnin sjálf, en ekki heimili þeirra.

Í fylgiskjali 1 með tillögunni er ekki gert ráð fyrir aukakostnaði við slíkar mælingar eða að það rúmist innan fjárlaga. UNICEF á Íslandi vill vekja athygli á því að slíkar mælingar kosta bæði vinnu og fjármagn og sem dæmi þá er ekki gert ráð fyrir sérstökum spurningalista um efnislegan skort meðal barna við framkvæmd lífskjararannsóknar Evrópusambandsins á Íslandi. Svo hægt sé að safna reglulega gögnum um börn á Íslandi og efnislegan skort meðal þeirra þyrfti að gera ráð fyrir auka fjármagni.

### **A.2. Framhaldsskólanemar frá tekjulágum heimilum.**

Aðgerð A.2 gerir ráð fyrir því að tryggja foreldrum, sem eru undir skilgreindum tekjuviðmiðum, rétt til barnabóta vegna framfærslu barna á aldrinum 18-20 ára sem skráð eru í framhaldsskóla.

UNICEF á Íslandi gerir athugasemd við orðalagið „skilgreind tekjuviðmið“ og hefði viljað sjá frekari útskýringar á því. Engin formleg og samræmd lágtekjuviðmið eru á Íslandi og oft á tíðum er í slíkum viðmiðum ekki gert ráð fyrir kostnaði við húsnæði og annað. Nauðsynlegt er að skilgreina slík viðmið formlega og samræma á milli mismunandi stofnana.

Ýmsar ástæður geta verið fyrir því að ungmenni flosni upp úr námi og ef veita á slíkan stuðning verður að gæta þess að stuðningurinn sé ekki skilyrtur við skráningu barnsins í framhaldsskóla eða honum sé slitið um leið og barnið flosnar upp úr námi. Veita þarf þeim ungmennum sem flosna upp úr námi aðgengi að bæði sértækum og almennum úrræðum áður en slíkum stuðningi verður hætt við forsjármenn þeirra. Að auki telur UNICEF á Íslandi ekki nauðsynlegt að skilgreina aldurinn sérstaklega við 18-20 ára heldur þarf að veita fólki stuðning þar til ungmennið lýkur námi. Það getur vel gerst eftir að ungmennið verður eldra en 20 ára.

#### **A.4. Leigumarkaður.**

Aðgerð A.4 gerir ráð fyrir því að leigumarkaður verði efldur á Íslandi. Eins og fram kemur í skýrslu UNICEF á Íslandi *Réttindi barna á Íslandi: Börn sem liða efnislegan skort* bjuggu 13,4% barna við skort á viðunandi húsnæði árið 2014. Aðallega var þá um að ræða þröngbýli, þ.e. of lítið húsnæði miðað við fjölda fjölskyldumeðlima og að ekki kæmi næg dagsbirta inn í húsnæðið.

Mikilvægt er að börn hafi aðgengi að öryggi og viðunandi húsnæði og þurfi síður að flytja reglulega. Það tryggir frekar samfellu í námi hjá barninu og minnkar líkur á félagslegri einangrun þess.

#### **A.5. Kostnaðar- og áhrifagreining opinberra útgjalda fyrir hagsmuni barna.**

Aðgerð A.5 gerir ráð fyrir því að korröð verði ráðstöfun opinberra fjármuna í þágu barna. UNICEF á Íslandi fagnar því að það verði gert og bendir á að samkvæmt 4. Gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna skuli aðildarríki „gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu, svo og á öðrum vettvangi, til að réttindi þau, sem viðurkennd eru í samningi þessum, komi til framkvæmda. Hvað efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi snertir skulu aðildarríki gera slíkar ráðstafanir að því marki sem þau framast hafa bolmagn til, og með alþjóðlegri samvinnu þar sem þörf krefur.“

UNICEF vill í þessu samhengi hrósa ríkisstjórn fyrir verkefni eins og *Kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð* og vill leggja til að slík verkefni verði útfærð svo hægt verði að skoða áhrif lagasetningar og fjárlaga á börn, ekki bara á landsvísu, heldur einnig meðal sveitarfélaga. Innleiðing verkefnisins byggir á þeirri forsendu að ákvarðanir í fjármálum hins opinbera séu ekki hlutlausar gagnvart kynjunum, hvort heldur er um að ræða ákvarðanir um tekjur eða gjöld. Að auki er hluti af innleiðingu verkefnisins að framkvæma jafnréttismat á frumvörpum sem lögð eru fram á alþingi. Það er gert í stigum og verður að fullu innleitt árið 2019. UNICEF á Íslandi telur mikilvægt að það sama verði gert með hagsmuni barna að leiðarljósi og að ákvarðanir í fjármálum hins opinbera séu ekki hlutlausar gagnvart börnum. Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna skulu aðildarríki „gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu, svo og á öðrum vettvangi, til að réttindi þau, sem viðurkennd eru í samningi þessum, komi til framkvæmda. Hvað efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi snertir skulu aðildarríki gera slíkar ráðstafanir að því marki sem þau framast hafa bolmagn til, og með alþjóðlegri samvinnu þar sem þörf krefur.“

## Aðgerðir í flokki B: Fjölskyldulöggjöf og skráning upplýsinga

### B.2. Fagráð um fjölskyldurétt.

UNICEF á Íslandi vill leggja til að slíkt fagráð verði ekki aðeins innanríkisráðuneytinu til ráðgjafar, heldur öllum ráðuneytum. Málafni barna eru mörg og aðlaga þyrfti vinnu ráðuneytanna þannig að vinna þeirra taki í auknum mæli til greina hvernig hagsmunir barna séu tryggðir í öllum ákvörðun sem mögulega geta haft áhrif á þau. Mikilvægt er að það sem barninu er fyrir bestu sé meginregla við slíka vinnu, líkt og Barnasáttmálinn kveður á um. Verði slík útvíkkun á starfi fagráðsins leyfð þyrfti að aðlaga kostnaðarmatið að því.

### Aðgerðir í flokki C: Fjölskyldur, fræðsla og forvarnir

Í flokki C fjalla aðgerðir um forvarnir og fræðslu. Samtals er gert ráð fyrir 60 milljónum á 5 ára tímabili. UNICEF á Íslandi vill vekja athygli á því sem kom fram t.d. í skýrslu sinni *Staða barna á Íslandi* frá árinu 2011 að innan t.d. tóbaks – og vímuefnavarna tíðkaðist hér á Íslandi töluvert meira fjármagn í slíkar forvarnir. Svo hægt sé að ná raunverulegum árangri í ofbeldisforvörnum telur UNICEF á Íslandi að töluvert meira þurfi til en 60 milljónir á 5 ára tímabili. Í áætluninni er gert ráð fyrir að árið 2019 verði búið að gera ýmsar áætlanir á sviðinu og kortleggja vandann svo hægt sé að bregðast við honum. Árin 2020 og 2010 er samt sem áður gert ráð fyrir 30 milljónum í málaflokkinn. Slíkt fjármagn hlýtur að eiga nýta í framkvæmd verkefnanna. Innan flokks C er bæði gert ráð fyrir stöðugildum og fræðsluefni er viðkemur mörgum og ólíkum ógnum sem steðja að börnum. Vanmat kostnaðarmatsins á slíkum aðgerðum er að mati UNICEF á Íslandi verulegt.

#### C.1. Fræðsla um foreldrahlutverk.

Í fyrrnefndri skýrslu UNICEF á Íslandi, *Réttindi barna á Íslandi: Ofbeldi og forvarnir* var fjallað ítarlega um umfang og eðli ofbeldis gegn börnum. Í skýrslunni eru meðal annars lagðar fram 16 tillögur um bætta forvarnir og viðbrögð við ofbeldi gegn börnum. Tillaga 5 úr skýrslunni fjallaði um foreldrafærninámskeið fyrir alla foreldra. Tillagan, sem enn á við, fylgir því hér með.

#### **TILLAGA 5: Öllum foreldrum verði boðið að sækja foreldrafærninámskeið þar sem í boði verður samskiptafræðsla og almenn fræðsla um ofbeldi.**

Í aðgerðaáætlun vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis sem rann út árið 2011 stóð til að bjóða öllum foreldrum á landinu á foreldrafærninámskeið. Það var ekki gert. Í Reykjanesbæ, Hafnarfirði og víðar hafa slík námskeið verið haldin og haft góð áhrif. UNICEF á Íslandi leggur til að öllum foreldrum verði boðin þátttaka á slíkum námskeiðum svo minnka megi líkur á að börn verði fyrir ofbeldi af hendi foreldra.

Tilmæli Evrópuráðsins til aðildarríkja um stefnu til eflingar foreldrafærni kveða á um að aðildarríki skuli smíða markvissa stefnu og finna leiðir til að bæta foreldrahæfni með það fyrir augum að ná þremur meginmarkmiðum: Að skapa raunveruleg skilyrði fyrir aukinni foreldrahæfni, að ryðja því úr vegi sem kemur í veg fyrir slíka hæfni og efla hana. Til þess þarf að tryggja að allir sem ala upp barn hafi aðgang að margvíslegum hjálpartækjum og að víðtæk félagsleg úrræði séu til staðar fyrir allar fjölskyldur. Stjórnvöld þurfa að hafa frumkvæði að því að gera gildi og mikilvægi foreldrahæfni öllum ljóst. Það mætti gera með því að bjóða öllum foreldrum upp á foreldrafærninámskeið, áður og eftir að barn er fætt.

## C.2. Fræðsla fyrir fólk sem starfar með börnum um áhættuþætti í lífi barna.

Í skýrslu UNICEF á Íslandi, *Réttindi barna á Íslandi: Ofbeldi og forvarnir* er lagðar fram tillögur um menntun og símenntun kennara og mikilvægi gátlista fyrir heilbrigðisstarfsfólk. Þessar tillögur fylgja hér að neðan og telur UNICEF á Íslandi að þær megi nýta og útfæra fyrir aðrar ógnir gegn börnum sem fjallað er um í aðgerð C.2 eins og áfengis- og vímuefnasjúkdóma. Að auki væri hægt að útfæra hugmyndir UNICEF á Íslandi fyrir aðrar stéttir eins og tómstundafræðinga, íþróttþjálfara og í raun alla sem umgangast börn í starfi sínu.

**TILLAGA 4:** Fræðsla í gegnum menntakerfið verði markvissari. Skólar eiga að gegna lykilhlutverki í réttindafræðslu barna og auka þannig vitund þeirra um réttindi sín. Aukin réttindavitund barna er hluti af forvarnastarfi.

Kennurum sé tryggð bæði menntun og símenntun á þessum sviðum. Ofbeldi er flókið og erfitt viðfangsefni og mikilvægt er að kennarar, sem umgangast börn allan daginn, séu fræddir um ofbeldi og hvernig skuli bregðast við því. Tryggja verður að þeir kennarar sem fengu enga menntun um málaflokkinn í sínu kennaranámi fái hana, auk þess sem nauðsynlegt er að símenntun fari fram innan skólanna.

**TILLAGA 14:** Samdir verði gátlistar fyrir allt heilbrigðisstarfsfólk sem starfar við heilsuvernd ungbarna, barna og barnafjölskyldna til að auðvelda því að skima eftir ofbeldi. Gátlistanum þarf að fylgja fræðsla um eftirfylgni og hvert beina skuli fólk ef upp kemst um ofbeldi. Mikilvægt er að gátlistar séu búnir til bæði fyrir viðtöl við börn og fullorðna.

## C.4. Aðgerðaáætlanir gegn einelti og fagrád eineltismála.

Í skýrslu UNICEF á Íslandi, *Réttindi barna á Íslandi: Ofbeldi og forvarnir* er lögð fram tillaga sem undirstrikar mikilvægi þess að einn aðili sjái um samhæfingu aðgerða er miða að ofbeldisforvörnum og framkvæmd þeirra. Í skýrslunni leggur UNICEF jafnframt til að styðja þurfi aðgerðir sem dragi úr eftirspurn eftir klámi og að auka þurfi fræðslu um tengingu ofbeldis, vændis og kláms. Tillagan fylgir því hér með:

**TILLAGA 1:** Sett verði á fót Ofbeldisvarnaráð sem sér um samhæfingu aðgerða og framkvæmd forvarna gegn ofbeldi. Með stofnun sérstaks ráðs verður auðveldara að samræma aðgerðir og forvarnir. Með fjárveitingu gæti ráðið styrkt rannsóknir og forvarnir sem nauðsynlegar eru. Markmið ráðsins væru að:

D. Styðja aðgerðir til að draga úr eftirspurn eftir klámi og auka fræðslu um tengingu ofbeldis, vændis og kláms. Í aðgerðaáætlun gegn mansali sem staðfest var af ríkisstjórn árið 2008 beindist ein aðgerðin að fræðslu til kaupenda og notenda kláms. Sú aðgerð varð aldrei að veruleika. UNICEF á Íslandi mælir með því að farið verði í slíka herferð hið fyrsta.

Við gerð skýrslunnar starfaði með UNICEF sérstakur sérfræðihópur ungmenna sem öll höfðu verið beitt kynferðisofbeldi. Þau lýstu öll áhuga á að taka þátt í fræðslu til barna og jafningja sinna. Mögulega mætti betur útfæra slíkar hugmyndir og bjóða brotþolum að koma sinni reynslu áfram. Það gæti virkað þeim til valdeflingar. Tillaga ungmennanna fylgir því hér með.



**TILLAGA 6: Brotapolar taki virkan þátt í jafningjafræðslu.** Skapaður verði vettvangur fyrir brotapola til að koma sínum skilaboðum áfram til annarra í formi jafningjafræðslu, bæði í grunn- og menntaskólum.

## **Aðgerðir í flokki D: Frístundastarf barna**

### **D.2. Frístundastarf barna í skólaleyfum.**

Í skýrslu UNICEF á Íslandi *Réttindi barna á Íslandi: Börn sem liða efnilegan skort* kemur fram að árið 2009 gátu 14,3% barna á Íslandi ekki stundað íþróttir, tónlist eða annað barna- og unglingsstarf. Árið 2014 hafði það hlutfall hækkað upp í 31,9% á landsvísu. Það er of hátt. Skýrsluna og mælaborð sem henni fylgir má skoða hér: <http://unicef.is/skortur-medal-barna>

Nauðsynlegt er að vinna markvisst að því að lækka hlutfall þeirra barna sem ekki tekið þátt í slíku starfi. Til að geta fylgst með því er mikilvægt er að safna upplýsingum reglulega um börn og tómskundaiðkun þeirra.

Frístundastarf getur haft mikið forvarngildi og því er einstaklega mikilvægt að fjölbreytt þjónusta sé í boði, fyrir alla. Efnahagur og viðkvæmar aðstæður geta verulega skert möguleika þeirra til að taka þátt í slíku starfi.

## **Aðgerðir í flokki E**

### **E.1. Stuðningur vegna umönnunar barna fyrstu æviár.**

UNICEF á Íslandi styður heils hugar við áform um að tryggja samfellu í umönnun barna eftir að fæðingarorlof lýkur en vill að lögð verði áhersla á að allar aðgerðir miði við það sem barninu er fyrir bestu og að allar ákvarðanir séu teknar út frá forsendum barnsins.

## **Aðgerðir í flokki F**

### **F.6. Úrræði fyrir börn á unglingsaldri með fjölþættan vanda.**

Í umræðu um börn með fjölþættan vanda hefur mikið verið rætt um börn sem glíma bæði við geðrænan vanda og áfengis- og vímuefnafíkn. Ekki hefur verið hægt að samræma þjónustu fyrir þessi börn sem hefur gert það að verkum að þau hafa enga þjónustu fengið. UNICEF á Íslandi leggur áherslu á að slíkar tillögur verði lagðar fram sem fyrst svo hægt verði að bjóða upp á slíka samfellda þjónustu. Að auki vill UNICEF benda á að samkvæmt c-lið 37. greinar Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna á að halda börnum sem svipt eru sjálfræði sínu aðskildum frá fullorðnum einstaklingum. Sú áfengis meðferð sem í boði er fyrir börn gerir t.d. ekki ráð fyrir því að börn séu aðskilin fullorðnum. UNICEF á Íslandi setur spurningar við slíkt og telur það ekki vera barninu fyrir bestu að vista það með fullorðnum við slíkar aðstæður.

### **F.10. Samræmt skráningarkerfi í barnavernd.**

UNICEF á Íslandi fagnar slíku samræmdu skráningarkerfi. Bæði mun það auðvelda starfsmönnum barnaverndar að veita börnum sömu þjónustu skyldu þau flytja um sveitarfélag auk þess sem það verður möguleiki á að safna víðtækum upplýsingum um þau börn sem nýta úrræði barnaverndar. Það er barninu fyrir bestu að upplýsingar séu öllum aðgengilegar sem að máli þeirra koma og að sú þjónusta sem veitt er sé í samræmi við þjónustupörfina.

UNICEF á Íslandi setur þó spurningar við upphæðina sem gert er ráð fyrir í kostnaðarmati og myndi vilja fá frekari útskýringar á því. Aðeins er fjallað um árlegan kostnað við sérfræðivinnu og ekki er útskýrt frekar hvort þar sé einnig innifalinn kostnaður við uppsetningu á slíka kerfi.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink that reads "Bergsteinn Jónsson". The signature is written in a cursive style and is positioned above a horizontal dashed line.

Bergsteinn Jónsson,  
framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi

---

<sup>1</sup> UNICEF – Division of Communication. (2015). *For every child, a fair chance: The promise of equity.*

## Velferðarnefnd Alþingis.

### Umsögn Landssamtakanna Þroskahjálpar (LÞ) um tillögu til þingsályktunar um fjölskyldustefnu fyrir árin 2017-2021 með áherslu á börn og barnafjölskyldur. (813. mál).

Landssamtökin Þroskahjálpar þakka fyrir að fá ofangreinda þingsályktunartillögu senda til umsagnar og telja mjög mikilvægt að stjórnvöld setji fjölskyldustefnu eins og þar er lagt til.

Íslenska ríkið undirbýr fullgildingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og þá segir í 1. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum, að við framkvæmd laganna skuli taka mið af samningnum. Með vísan til þessa og skyldna stjórnvalda samkvæmt samningnum til að verja fatlað fólk fyrir mismunun af öllu tagi og til að tryggja að það fái notið heimilis og fjölskyldulífs sem og til að taka sérstaklega tillit til þarfa og aðstæðna fatlaðra barna vilja samtökin koma eftirfarandi á framfæri varðandi einstaka liði tillögunnar.

#### C.1. Fræðsla um foreldrahlutverk.

Lagt er til að tekið verði fram að ef um seinfæra foreldra er að ræða verði fræðslan sniðin að þörfum þeirra.

Lagt er til að Þroskaþjálfafélagi Íslands verði bætt við samstarfaðila sem tilgreindir eru undir liðnum.

#### D.2. frístundastarf barna í skólaleyfum.

Lagt er til að mælt verði fyrir um að sérstaklega skuli litið til þarfa og aðstæðna fatlaðra barna og seinfærra foreldra til að tryggja að hlutaðeigandi börn fái notið þessa til jafns við önnur börn.

#### E.2. Réttindi veikra barna til að njóta umönnunar foreldra.

Afar mikilvægt að við alla framkvæmd verði áherslan á að veita stuðning og þjónustu á heimili hlutaðeigandi barna og eftir atvikum í skólum og forðast verði að binda stuðning og þjónustu við stofnanir.

#### F.4. Samræmt mat á þjónustupörf barna með sértækar þarfir.

Mjög mikilvægt er að börn sem í hlut eiga fái strax viðeigandi stuðning óháð því hvort mat eða greining hefur farið fram eða hvort henni er formlega lokið. Þá er mat og greining lítils virði ef ekki er tryggt að viðeigandi stuðningur fylgi. Fjölskyldustefnan þarf því að tryggja að greiningu fylgi viðeigandi og fullnægjandi stuðningur og án ástæðulauss dráttar.

#### F.7. Meðgöngu- og ungbarnavernd.

Lagt er til að tekið verði fram að stuðningur skuli, auk þess að vera markviss og einstaklingsmiðaður, vera sérstaklega sniðin að þörfum seinfærra foreldra þegar þeir eiga í hlut.

7. september 2016,

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður Landssamtakanna þroskahjálpar.

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri Landssamtakanna þroskahjálpar.